



Alþingi
Erindi nr. P 138/1898
komudagur 4.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 03.05.2010
Mál: 201004-0018

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (560 mál).

Alþýðusamband Íslands fagnar því að frumvarp þetta sé fram komið og styður mjög eindregið samþykkt þess.

Þann 16. maí 1994 skilaði nefnd um Greiðsluaðlögun tillögum til þáverandi félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur. Þar var lagt til, að skapað yrði samofið félagslegt og fjárhagslegt úrræði til þess að mæta skuldavanda einstaklinga og fjölskyldna. Lagt var til að slíkt úrræði tæki jöfnum höndum til veðkrafna og annarra krafna og að því mætti m.a. beita þannig, að heimilt væri að fara inn í samningsbundna skilmála veðkrafna innan verðmætis veðsettra eigna með það fyrir augum að gera þær kröfur greiðanlegar með skilmálabreytingum. Frá þeim tíma og fram á árið 2008 voru ítrekað lögð fram lagafrumvörp um greiðsluaðlögun eins og nánar er rakið í almennum athugasemdum í greinargerð þessa frumvarps. Þau frumvörp gerðu ýmist ráð fyrir að greiðsluaðlögun tæki ekki til veðskulda innan verðmætis eigna eða tæki almennt ekki til veðskulda. Það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi samræmist hvað þetta varðar þeim tillögum sem settar voru fram 1994 og er það fagnaðarefni.

Fyrir frumvarpi af þessum toga hefur ASÍ barist um langt skeið og hvetur Alþingi til þess að flýta afgreiðslu þess sem mest má. Fyrirsjáanlegt er, að þeir varnargarðar sem byggðir voru með frestun uppboða og öðrum bráðabirgðaaðgerðum bresti á næstu vikum og mánuðum og nauðsynlegt að þá séu til staðar virk og sanngjörn úrræði eins og þau sem birtast í þessu lagafrumvarpi.

Áskilinn er réttur til þess að koma að frekari athugasemdum við þingmál þetta eftir því sem meðferð þess á Alþingi miðar.

Virðingarfyllt,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands

hótelletti • trygging
samtök atvinnu • vaxtastofnun
vaxtastofnun • vaxtastofnun

Alþingi
Erindi nr. P 138/897
komudagur 4.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2010

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga þskj. 950 - 560. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga. BSRB kom að vinnslu frumvarpsins á lokastigum þess og gerir engar frekari athugasemdir við efni þess.

Fyrir hönd BSRB,


Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndasvið Alþingis
b.t. félags- og tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P 138/2010**
komudagur 25.5.2010

Reykjavík, 21. maí 2010

Efni: Frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Ágætu nefndarmenn.

Bréf þetta er ritað í tilefni af og í kjölfarið á fundi undirritaðs hjá félags- og tryggingamálamálanefnd þann 20. maí 2010, þar sem tii umræðu var frumvarp til greiðsluaðlögunar einstaklinga, nánar tiltekið var 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins til umræðu. Bréfið er ritað í því skyni að draga saman sjónarmið Bændasamtaka Íslands sem fram komu á fundinum sem og önnur sem tengjast málinu beint.

Bændasamtök Íslands veittu umsögn við frumvarpið með bréfi undirritaðs, dags. 5. maí 2010, þar sem lögð var rík áhersla á að umræddu ákvæði verði breytt á þann veg þannig að lögin geti einnig náð til þess sem telja má einyrkjarekstur en með því móti geta bændur nýtt sér úrræðið. Að öðru leyti en því sem fram kemur í bréfi þessu vísar undirritaður til sjónarmiða sem koma fram í framangreindri umsögn.

Frumvarpinu er ætlað að ná til einstaklinga og á fundinum var þetta markmið ítrekað og gefið í skyn að aðeins launþegar væru einstaklingar í skilningi laganna. Bændur eru einstaklingar og eru raunar meðhöndlaðir sem slíkir hjá bönkum og lánastofnunum þrátt fyrir sérstakt eðli skuldastöðu þeirra og samspil rekstur heimilis og atvinnu. Undirritaður bendir á þetta misræmi sem virðist vera uppi. Bændur geta samkvæmt frumvarpinu í núverandi mynd ekki nýtt sér greiðsluaðlögun fyrir einstaklinga vegna þess að þeir hafa undir höndum atvinnurekstur á eigin kennitölu en eru samt áður meðhöndlaðir sem einstaklingar og eftir slíkum leiðum hjá bönkum og lánastofnunum.

Nú liggur fyrir að einstaklingar sem hafa haft rekstur sinn í félagi með takmarkaðri ábyrgð en tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð eiga undir lögin og kröfur sem fallið hafa á þá vegna sjálfskuldarábyrgðarinnar einnig. Þessi mismunun hlýtur að vera ótæk, hvort sem er um að ræða bændur eða aðra sem bera ótakmarkaða ábyrgð á rekstri sínum.

Á fundinum komu fram sjónarmið um að þau úrræði sem bændum standa til boða séu í raun fullnægjandi. Kjarni málsins er sá að þau úrræði sem bændum standa til boða eru alls ekki fullnægjandi og hlýtur sú staðreynd að vera m.a. tilefni þeirrar umræðu sem er uppi nú. Hefðbundnir nauðasamningar samkvæmt 3. þætti laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. gagnast bændum með smáan búrekstur ekki, ekki frekar en einstaklingum eins og reynslan hefur leitt í ljós. Slíkar umleitanir eru bæði kostnaðarsamar og tímafrekar. Þá er samsetning skulda bænda með smáan búrekstur þannig að erfitt mun reynast að fá samþykkt frumvarp með tilskildu hlutfalli kröfuhafa. Staða bænda er enn fremur mjög sérstök þar sem starfsstöð búrekstrar er jafnframt heimili bænda og fjölskyldna þeirra og óhjákvæmilega þarf að ráða bót á fjárhagsvanda þeirra sem tengist bæði heimilisrekstri og atvinnurekstri í senn.

Á fundinum komu einnig upp hugmyndir um að smíða sérstaka löggjöf um nauðasamninga fyrir bændur eða breyta 3. þætti laga um gjaldþrotaskipti þannig að auðveldara væri fyrir einstaklinga með smáan rekstur með ótakmarkaðri ábyrgð að fá frumvarp til nauðasamnings samþykkt. Bændasamtök Íslands leggjast ekki gegn slíkum hugmyndum og telja þær góðra gjalda verðar. Bændasamtökum Íslands hugnast hins vegar ekki sú leið til þess að leysa vanda bænda nú vegna þess að smíði slíks frumvarps tæki langan tíma og ekki líklegt að samstaða næðist um slíkt án ítarlegrar og mikillar umræðu og vinnu, auk þess sem hefðbundnar nauðasamningsumleitanir eru þunglamalegar. Fullyrðingar um að slíkri löggjöf megi koma í gegn á yfirstandandi þingi virðast vera reistar á voninni einni. Fjárhagsvandi bænda er bráður og aðkallandi, getur ekki beðið nýrrar lagasetningar og þarfnast úrlausnar án tafar.


Samkeppnisréttarleg sjónarmið eru að mati undirritaðs ekki áhyggjuefni, a.m.k. hvað bændur varðar. Eftirgjöf eða gjaldfrestur á skuldbindingum eins bónda eða hóps bænda hafa að öllum líkindum ekki áhrif á samkeppnisstöðu vegna smæðar þeirra á markaði auk þess sem opinber verðlagning er á mjólk skv. lögum nr. 99/1993. Hins vegar ákveða sláturleyfishafar verð á sauðfjárafurðum, þar sem framleiðendur eru margir og smáir.

Áhyggjur sem snúa að því að löggjöfin muni einnig taka til stærri atvinnureksturs eru að mati undirritaðs óþarfar. Stærri rekstur hlýtur yfirleitt að vera rekinn í einkahlutafélagi auk þess sem önnur úrræði en greiðsluáðlögun henta stærri rekstraraðilum mun betur, t.a.m. frjálsir samningar við lánadrottna en hagsmunum kröfuhafa slíkra rekstraraðila hlýtur að vera best borgið með því að ganga til samninga utan réttar. Ef nefndinni hugnast að fella alfarið út ákvæði 3. mgr. 2. gr. og auka heimildir til höfnunar í 7. gr. leggjast Bændasamtök Íslands ekki gegn því að sá háttur verði hafður á. Bændasamtök Íslands benda á að markmið þeirra er ekki að greiðsluáðlögun einstaklinga verði látin ná til stærri rekstraraðila enda snýr vandamálið fyrst og fremst að þeim sem hafa með höndum smærri búrekstur. Bændum í smærri búrekstri standa í dag engin raunhæf lagaleg úrræði til boða sem greitt geta götu þeirra og því hafa þeir ekkert vogarafl í samningaviðræðum. Því þarf að ráða bót á.

Ef atvinnurekstur bænda fer í þrot verður óhjákvæmilega, í flestum tilvikum, gengið að íbúðarhúsnæði þeirra og grundvöllur fyrir heimilisrekstri þeirra og fjölskyldna brestur. Samningsstaða bænda gagnvart lánadrottnum er engin og þar liggur vandamálið. Bændasamtök Íslands telja því mikilvægt og leggja áherslu á að frumvarp það sem nú er til meðferðar hjá nefndinni verði látið ná til bænda.

Að lokum fagnar undirritaður því að nefndarmenn sýni þessu máli jafn mikinn áhuga og raun ber vitni um og vonar að sjónarmið þau sem fram koma í bréfi þessu verði til þess að auðveldara megi verða fyrir nefndina að komast að niðurstöðu. Góðfúslega hafið samband við undirritaðan ef frekari upplýsinga er óskað sem kunna að varpa skýrara ljósi á málið.

Virðingarfyllt,


Elías Blöndal Guðjónsson lögfr.

Afrit sent á:

Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti,

Arnór Snæbjörnsson lögfræðing, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS



Nefndarsvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd,
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. þ 138/2830
komudagur 11.6.2010

Reykjavík, 11. júní 2010
EBG/hó

Efni. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga á 138. löggjafarþingi
Tilv. 2010050002

Drögin bárust Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndarsviði Alþingis, dags. 10. júní 2010.

Bændasamtök Íslands mæla með samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson

lögfræðingur



Nefndarsvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. ~~P~~ 138/1992
komudagur 6.5.2010

Reykjavík, 5. maí 2010
EBG/--

Efni. Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga á 138. löggjafarþingi, þskj. 950 – 560. mál
Tilv. 2010050002

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með bréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 21. apríl 2010.

BÍ ítreka með umsögn þessari þau sjónarmið sem komu fram í umsögn BÍ, dags. 12. febrúar 2009, um 281. mál á 136. löggjafarþingi. Þannig leggja BÍ til að ákvæðum 2. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að lögin geti einnig náð til þess sem telja má einyrkjarekstur þar sem atvinna og heimili tvinnast að verulegu leiti saman.

Þessi breyting er nauðsynleg til þess að frumvarpið gagnist bændum en eins og kunnugt er tvinnast heimili og rekstur mjög oft þar saman og starfsstöð búrekstrar er jafnframt heimili eigenda og fjölskyldna þeirra. Lögunum er ætlað að taka til greiðsluvanda einstaklinga en ekki fyrirtækja en BÍ leggja þunga áherslu á að staða bænda að þessu leyti er sérstaks eðlis

Með einyrkjarekstri er átt við rekstur þar sem vinnuframlag þeirra einstaklinga, t.d. hjóna eða fjölskyldu sem stendur að búrekstri, er uppistaðan í vinnuframlagi á viðkomandi búi. Hér má einnig tiltaka sjónarmið sem lúta að þjóðhagslegu mikilvægi rekstrar, í tilvikum bændu með tilliti til matvælaöryggis og byggðamála. Rétt er einnig að benda á að í flestum tilvikum bændu er jörðin með öllum mannvirkjum, þ.m.t. íbúðarhúsi, ein veðheild.

Samhljóða ákvæði og hér er fjallað um í X. kafla a. 3. þáttar laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. hefur ekki verið talið girða fyrir að skuldari leiti nauðasamnings til greiðsluaðlögunar, hvíli á honum ábyrgðarskuldbindingar vegna atvinnureksturs í hlutafélagi eða einkahlutafélagi. Slíkar ábyrgðir hvíla á skuldara á grundvelli samninga en ekki ótakmarkaðrar ábyrgðar. Þetta hefur Hæstiréttur Íslands staðfest með Hrd. 273/2009 og Hrd. 54/2010.

Um ábyrgðir vegna atvinnureksturs með ótakmarkaðri ábyrgð gilda önnur sjónarmið. Í V. kafla athugasemnda við frumvarp það sem hér er til umsagnar koma fram sjónarmið um þegar skuldir eiga rót sína að rekja til atvinnurekstrar, sbr. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að rétt sé að hafa í huga hvort það skipti verulegu máli fyrir samfélagið hvort skuldir, sem eiga rót sína að rekja til atvinnurekstrar, falli undir greiðsluaðlögun. Þetta eigi við ef höfnun umsóknar leiðir til þess að starfsemi leggst niður og fólk missir atvinnu. Í tilviki bænda er það ekki einungis svo að í mörgum tilfellum er hætt á því að starfsemi þeirra leggst niður en aukreitis þannig að fólk missir heimili sitt. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess fyrir samfélagið að bændur geti leitað raunhæfra leiða til þess að ráða bót á fjárhagsvanda sínum. Það má því líta svo á að bændur kunni að geta nýtt sér úrræðið með hliðsjón af framangreindu. Þí leggja hins vegar áherslu á, þrátt fyrir framangreint, að kveðið verði sérstaklega á um það með einum eða öðrum hætti að bændur geti nýtt sér úrræðið, að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, þrátt fyrir að skuldir þeirra megi rekja að einhverju eða verulegu leyti til atvinnureksturs sem þeir starfrækja á eigin kennitölu.


Ef bændur hafa atvinnurekstur sinn í félagiformi með takmarkaðri ábyrgð hafa lánastofnanir yfirleitt krafist fullrar veðsetningar allra eigna bænda, þ.á m. íbúðarhúsnæðis, og því tvinnast atvinnu- og heimilisrekstur þeirra óhjákvæmilega saman. Þí telja mikilvægt að staða þessarar mikilvægu starfsstéttar verði rétt af með tilliti til þess sérstaka eðlis sem fjallað er um í þessari umsögn.

Þá vilja Þí benda á þann augljósa hagsmunaaðrekstur þegar kemur að málsmeðferð greiðsluaðlögunar. Umboðsmanni skuldara er ætlað að veita skuldara endurgjaldslausa aðstoð við að semja umsókn um greiðsluaðlögun og afla gagna, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Þá er umboðsmanni skuldara enn fremur ætlað að taka ákvörðun um afgreiðslu á þessari umsókn, sem samin var af starfsmanni embættisins, skv. 8. gr. frumvarpsins. Auk þess er starfsmönnum embættisins ætlað að annast umsjónarmennsku með greiðsluaðlögun skuldara skv. 10. gr. frumvarpsins og eftir atvikum senda kröfu um þvingaða greiðsluaðlögun til héraðsdóms, sbr. 20. gr. frumvarpsins. Starfsmönnum sama embættis er samkvæmt þessu bæði ætlað að semja umsókn og einnig taka afstöðu til hennar á síðari stigum.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands



Elías Blöndal Guðjónsson
lögfræðingur



CREDIT**INFO**

Alpingi 2835
Erindi nr. p 138/2835
komudagur 11.6. 2010

Dagskrá:

08:30 Opnun fundar

08:35 Upplýsingar frá Creditinfo: Staða heimila í dag

09:00 Notendasvæði fyrir fjármálafyrirtæki: Bætt aðgengi og yfirsýn upplýsinga

09:15 Fræðslustarf Creditinfo fyrir starfsmenn fjármálafyrirtækja

09:35 Þjónusta fyrir útibússtjóra og aðra stjórnendur fjármálafyrirtækja


09:55 Hvernig er hægt að kynna úrræði betur og bæta þjónustu við almenning?

10.00 Dagskrárlok

Upplýsingar frá Creditinfo:
Staða heimila í dag

Eru úrræðin að virka?

- Fjöldi á vanskilaskrá á að vera nokkuð svipaður á milli ára
 - 4 ára reglan myndar hringrás í skráningum út og inn. Ef nýskráningar eru alltaf mun fleiri en afskráningar eykst fjöldinn á vanskilaskrá.
- Starf fjármálafyrirtækja að skila árangri
 - Fleiri væru á vanskilaskrá ef inngrip banka væru ekki eins mikil og þau eru í raun og veru
 - Nú tæplega 22 þúsund einstaklingar á vanskilaskrá
 - Vanskilaskrá eru alvarleg vanskil, þá eru skuldir í löginnheimtuferli
 - Þegar einstaklingur er á vanskilaskrá þá er „heimilið“ í vanskilum
 - Í dag eru tæplega 11 þúsund börn sem eiga foreldra skráða á vanskilaskrá




Vanskilaskráin nýtist sem mælitæki á úrræði

Eru úrræðin að virka?

- Úrræðin eru samt ekki að virka sem skyldi því enn stefnir í að of margir bætist við í hóp þeirra sem munu lenda í erfiðleikum:
 - Í dag eru tæplega 8 þúsund einstaklingar sem stefna að óbreyttu í alvarleg vanskil, þó þeir séu ekki í alvarlegum vanskilum í dag (CIP, vanskilaskráning)
 - Creditinfo einnig með nýjar upplýsingar sem benda til þess að þeir sem þegar hafa fengið aðstoð þurfi meiri aðstoð.
- Mál á vanskilaskrá kostnaðarsöm:
 - Fyrir kröfuhafann
 - Fyrir skuldarann
 - Fyrir samfélagið


Fjölmiðlaumfjöllun og umræða er góður mælikvarði á andrúmsloftið í samfélaginu hverju sinni:

Umfjöllun um banka frá áramótum...



Hvað segir fólkið?

- Capacent könnun dagana 28.apríl til 5.maí. Margar spurningar opnar
- Úrtak 1.192, svarhlutfall 72%
- 72% aðspurðra segjast ekki hafa nýtt sér einhverja af þeim lausnum sem stjórnvöld eða bankar hafa boðið upp á til að leysa fjárhagsvanda heimila í kjölfar bankahruns
- 28% svara játandi




■ Já

■ Nei

Af þeim sem svara já: Þessi hópur frekar þeir sem eru tekjuhærri einstaklingar / heimili. Hæsta hlutfall hjá þeim sem eru með 550 þúsund eða herra í laun á mánuði (þar 43% sem segja já).

Hvað segir fólkid?

- Þeir sem sögðu já (hafa þegar þegið úrræði) voru einnig spurðir hvort þeir teldu líklegt að þeir þyrftu á frekari aðstoð að halda:
- Meirihluti hópsins þarf á meiri aðstoð að halda:
 - 56% líklegt eða öruggt, landsbyggðin áberandi og allir tekjuhópar
 - 16% hvorki/né



■ Munum örugglega þurfa aðstoð

■ Hvorki né

■ Munum örugglega ekki þurfa aðstoð

■ MJÖG líklegt

■ Frekar ólíklegt


■ Frekar líklegt

■ MJÖG ólíklegt

23% telja ólíklegt að þeir þurfi frekari aðstoð. Tæp 5% eru örugg um að þurfa ekki frekari aðstoð.

Hvað segir fólkið?

- Þeir sem ekki hafa nýtt sér úrræði voru spurðir hvort þeir teldu líklegt að þeir þyrftu að fá einhverja aðstoð vegna fjármála heimilisins:
 - Af þessum hópi er einnig um 1/3 sem ýmist segir það líklegt eða svarar hvorki/né
 - Einkenni hóps: aldur 26 – 54 ára, börn á heimili, tekjur lágar eða millitekjur
 - Samsvarar *einkenni hóps sem Creditinfo sér í CIP* áhættumati fyrir næstu 12 mánuði




- | | | |
|-------------------------------------|-------------------|------------------|
| ■ Munum örugglega þurfa aðstoð | ■ Mjög líklegt | ■ Frekar líklegt |
| ■ Hvorki né | ■ Frekar ólíklegt | ■ Mjög ólíklegt |
| ■ Munum örugglega ekki þurfa aðstoð | | |

Af þeim sem ekki þurfa aðstoð eru m.a. barnlaust fólk – yngra, barnlaust fólk – eldra, 55 ára og eldri og hæstu launahópar

Hversu margir og hverjir þurfa aðstoð?

- Niðurstöður úr spurningum 2 – 3 dregnar saman: Niðurstöður gefa þá til kynna hve margir þurfa á aðstoð að halda:
 - Um 30 – 40% heimila þurfa á aðstoð eða frekari aðstoð að halda




- Munum örugglega þurfa aðstoð
- Hvorki né
- Munum örugglega ekki þurfa aðstoð
- Mjög líklegt
- Frekar ólíklegt
- Frekar líklegt
- Mjög ólíklegt

Þeir sem hafa nýtt sér aðstoð, þurfa aðstoð áfram eða telja sig þurfa aðstoð voru spurðir hversu lengi þeir gætu komist af án aðstoðar. Niðurstöður sýna að 85% þessa hóps þarf aðstoð strax eða innan við 6 mánuði. CIP gögn Creditinfo byggja á líkum á alvarlegum vanskilum innan 12 mánaða. Aðstoðin þarf því að koma fyrr.

Skuldirnar

- 78% af skuldum í vanskilum eru frá bönkum og fjármálafyrirtækjum (bankar, sparisjóðir, fjármögnunarfyrirtækin, kreditkort, ÍLS, lífeyrissjóðir og svo framvegis)
- 10% eru skuldir vegna opinberra gjalda, s.s. fasteignagjöld, meðlög og fleira
- 12% aðrir (þ.m.t. tryggingarfélög)



Samsetning skulda í vanskilum er önnur hjá einstaklingum sbr. lögaðillum, nánari upplýsingar hjá Creditinfo.

Skuldirnar


- Þeir sem hafa nýtt sér aðstoð og munu nýta áfram og þeir sem hafa ekki nýtt sér aðstoð en telja að þeir þurfi aðstoð á næstunni voru spurðir:

„Setjum sem svo að þú ráðir ekki lengur við að greiða reikninga heimilisins um hver mánaðamót, til hvaða aðgerða myndir þú grípa?“

Þetta var opin spurning þar sem svarendur máttu nefna fleiri en einn möguleika. Hlutfallstölur eru því reiknaðar eftir fjölda þeirra sem tóku afstöðu en ekki fjölda svara.

Skuldirnar


- Jafn margir segjast vilja semja um skuldir og þeir sem segjast myndu hætta að borga
- 30% kvenna segjast vilja semja um skuldir
- 30% karla segjast myndu hætta að borga
 - Gögn Creditinfo hafa til margra ára sýnt að konur eru ólíklegri til að lenda í alvarlegum vanskilum í samanburði við karlmenn
 - Mun fleiri karlmenn þó í vanskilum. Mun fleiri karlmenn skuldarar.
- Frá áramótum hafa 2.798 einstaklingar flutt úr landi. Flestir yngri en 40 ára (77%)



- Í svörum þar sem ANNAÐ var tilgreint var ekki mikið um pólitík eða gagnrýni/reiði á bankana
- Nánast ekkert var vísað í þekkt úrræði, sbr. greiðsluaðlögun, skuldaaðlögun, lækkun höfuðstóls eða sambærilegt
- Dæmi um svör:
 - Fá lán frá ættingja
 - Klára viðbótarsparnaðinn
 - Flytja til foreldra og leigja íbúðina
 - Sjálfsvíg
- Af þekktum aðilum voru opinberir aðilar nefndir oftar en bankar/fjármálafyrirtæki (sbr. RH, Féló, fjölskyldudeild og fleira).

- Að svo stöddu veit ég það ekki, það er fát um viðunandi lausnir fyrir okkur, nema ef verðtrygging væri afnumin eða einhverjar skuldir fældar niður.
- Annað hvort láta lýsa mig gjaldþrofa ellegar gera læti á opinberum vettvangi.
- Byrja að ganga á viðbótarlífeyrissparnaðinn.
- Er ekki að raða við þá nú þegar, þannig að það er bara borgað eftir því hvað er til hverju sinni, kemur í ljós hvað það dugar langt.
- Erfitt að segja, ráðstöfunartekjur eftir að reikningar eru borgaðir hjá okkur er um 50 þúsund á mánuði þannig að ekkert má út af þera. Veit ekki hvað ég geri.
- Erfitt að segja. Einhverra rófækta.
- Ég myndi byrja á að leita til félagsmálaráðuneytisins eða taka lán.
- Fara til félagsmálanefndar sveitarfélagsins og skrifa félagsmálaráðherra og forsætisráðherra ef ég fengi ekki mannúðlega lausn minna mála.
- Fá aðstoð frá einhverjum.
- Fá lán hjá ættingja.
- Fá lánið hjá lís lækkað með greiðsluöfnun.
- Get ekkert gert eins og stíðan er í dag. Þyrfti að fá meiri vinnu en nú er yfirvinnabann á minum vinnustað.
- Gjaldþrot.
- Hæmi yfirdrátt.
- Klára viðbótarsparnaðinn.
- Leigja út íbúðina mína og flytja til foreldra.
- Leita aðstoðar vina.
- Leita til fjölskyldudeildanna með styrk.
- Leita til ráðgjafastofu heimilanna.
- Loka augnum fyrir því og opna ekki póst.
- Lækka höfuðstól lána.
- Segja mig til sveitar sem þýðir að fara á féló.
- Sjálfsvíg.
- Skila bíl.
- Slúpa um ríkissjórn.
- Slappa af.
- Taka út úr Frjálsa lífeyrissjóðnum.
- Verð að láta bankann taka íbúðina og fara á leigumarkaðinn.
- Við hjúin höfum nú þegar gripið til aðgerða. Við sögðum upp leiguíbúðinni okkar (90 fm, 109 nk) og vorum að flytja inn til tengdanna sem bjó ein í 3 herb. blokkaríbúð í Hafnarfirðinum. Það er þam á leiðinni og við töldum okkur ekki ráða við þá tekjuskurðingu sem fylgdi því að þaka fæðingarorlof.
- Yfirdráttar á bankareikningi (hefnt af 3).
- Það eru engar lausnir í boði.

Mikilvægiseinkunn (0-100)



Skoðum sérstaklega niðurröðun: Símareikningur, bílalán og tómstundir barna.

Þeir sem greiða reikninga á réttum tíma eiga að njóta betri kjarar hjá bankum og fyrirtækjum sem bjóða upp á reikningsvísirkipti



Þeir sem eru með hærri laun eiga að fá betri lánaþjálfar en aðrir.



Bankar ætlu að vera skyldir með lögun til að mæla þeir afllar lánveitingar en aðrir



Bankar ætlu að greiða sektir ef þeir verða upplýsingar að óábyrgum lánveitingum



Óábyrg lánveiting þýðir að lántakandi er ekki hlífleg lánshafsmálá lánataka til að mæla raunverulega gæðslu og viðhorfandi



Óábyrg lánveiting þýðir að lántakandi er óábyrgur í sínum fjármálum



Ég er tilbúinn til að verða hlíflegur upplýsingar um fjárfugsskið minna í framtíðinni ef það skilar sér í önggæra lánsumhverfi



Ég treysti bankunum til að mæla ekki upplýsingar sem ég veit um sjálfan mig



Í framtíðinni geri ég ráð fyrir að það verði erfiðara fyrir almenning að fá lán



Í framtíðinni geri ég ráð fyrir að reglur þær verði meira til samsvarans við það sem þakast ferlendis



Ég tel að það þurfi að upplýsa almenning um hvernig lánsumhverfi og reglur gilda almennt erlendis



Ég treysti bankum og fjármálastofnunum til að skapa traust fjármálaumhverfi til framtíðar



Ég geri allí sem ég get til að greiða reikninga og eftirgjafir á réttum tíma



Næstu skref

- Creditinfo mun leggja áherslu á að aðstoða banka- og fjármálafyrirtæki eins og hægt er til að létt á álagi og/eða auðvelda starfsmönnum að afgreiða fleiri heimili í vanda. Byrjunina kynnum við á fundinum hér í dag.
- Myndum einnig vilja aðstoða betur þá einstaklinga sem eru á vanskilaskrá til að komast fyrr út af vanskilaskrá. Þetta gætum við gert með því að upplýsa viðkomandi einstakling og kröfuhafa um hve fljótt viðkomandi er líklegur til að komast úr alvarlegum vanskilum (hér skortir heimildir).
- Creditinfo myndi helst vilja upplýsa kröfuhafa og stjórnvöld meir er varðar upplýsingar um t.d. greiðsluaðlögun og fleira en þar vantar okkur heimildir.
- Getum samkeyrt gögn til að búa til mælikvarða á úrræði. Dæmi frá Finnlandi: Þeir nýttu vanskilaskránnu til að mæla hvort úrræði fyrir atvinnuleitendur voru að virka. Samkeyrsla gagna Creditinfo er ávallt órekjanleg.

Næstu skref

- Munum fara í samstarf við nokkra aðila sem eru tilbúnir til að veita mismunandi lánaðjör miðað við mismunandi áhættumat
- Viljum auka upplýsingamiðlun og menntun til fólks um fjármál og lántökur
 - Ekki bara fyrir lánveitendur heldur einnig fyrir lántakann
 - Fólkl á að verða meðvitaðra um samningsstöðu sína rétt eins og erlendis
- Bíðum þess að stjórnvöld setji sambærilegt regluverk hér og erlendis, t.d. hvað varðar upplýsingagjöf og miðlun til almennings



FORSÍÐA

LÁNSTRAUST

FIJOLMIÐLAVAKTIN

EINSTAKLINGAR

UM CREDITINFO

INNSKRANING

SPURT OG SVARAÐ / UPPLÝSINGAR UM MIG / PERSÓNUVERND / UMBOÐSMAÐUR LÁNTAKENDA / AÐRAR UPPLÝSINGAR

/ Kröfur, greiðslufall & vanskil

Hvernig myndast krafa? Hvað gerist eftir greiðslufall og hvað er skráð og hvenær eru vanskil skráð? Veljið mynd:

Yfirlitsmynd

Skráðar tegundir

"Staðsetning"

"Spila"

Hvenær skráð?

Upphaf kröfu (t.d. lánveiting, reikningsviðskipti, opinber gjöld, o.s.frv.)

Greiðslufall

Áminning

Ítrekun

Krafa send til innheimtu

Könnun heimilda og skilmála

Hvað gerist ef ekki tekst að birta aðila stefnu eða


Heimild í skuldaskjali, t.d. skuldabréfi

Aðfararhæf sátt gerð:
* Greiðslusamkomulag
* Nauðasamningur
* Réttarsátt

Stefna útbúin og aðila

Greiðsluaskorun með birtingarvottorði

Stefna árituð aðfararhæf eða



Dómarafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2225
komudagur 12.5.2010

Reykjavík, 12. maí 2010.

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík.

Með tölvubréfi frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, dags. 21. apríl sl., var óskað umsagnar Dómarafélags Íslands um m.a. frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og vill koma á framfæri neðangreindum athugasemdum.

Dí telur að þau nýmæli sem felist í frjálsri greiðsluaðlögun séu til bóta sem undanfari þvingaðrar greiðsluaðlögunar fyrir dómstólum. Neðangreindar athugasemdir lúta einkum að réttarfarsákvæðum frumvarpsins.

1. Frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

a) Um 7. gr.

Í núgildandi 2. mgr. 63. gr. d. laga nr. 21/1991, sbr. lög nr. 24/2009, 2. gr. er kveðið á um að héraðsdómari geti hafnað beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef skuldari hefur hagað fjármálum sínum á ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma er til skuldbindingar var stofnað. Þá er í 3. mgr. tilvitnaðrar 63. gr. d. kveðið á um að héraðsdómari geti hafnað beiðni um heimild til greiðsluaðlögunar ef skuldari hefur stofnað til skuldar á þeim tíma er hann var greinilega ófær um að standa við fjárskuldbindingar sínar. Sambærilegar heimildir er ekki að finna í framlögðu frumvarpi, en telja verður nauðsynlegt að slíkar heimildir séu fyrir hendi til handa dómstólum. Þykir því, með hliðsjón af fenginni reynslu af gildandi lögum, á skorta að fullnægjandi heimildir séu í 7. gr. frumvarpsins til handa dómstólum til að hafna beiðni skuldara um greiðsluaðlögun.

b) Um 8. gr.

Kæruheimild ákvæðisins til félags- og tryggingarmálaráðherra kann að vera tímafrek vegna málsmeðferðarreglna stjórnarsýslulaga.

c) Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir því að málsmeðferð fyrir héraðsdómi taki ekki meira en einn mánuð en ráð er fyrir því gert í 20. gr. að héraðsdómur Reykjavíkur annist vinnslu allra mála er lúta að þvinguðum nauðsamningum til greiðsluaðlögunar. Telja verður, með hliðsjón af þeim málafjölda sem búast má við og fenginni reynslu, að þeir tímafrestir sem héraðsdómi er markaður með frumvarpinu séu allt of skammir.

d) Um 10. gr.

Hlutverk umsjónarmanns er ekki skýrt, sbr. þó 11. – 17. gr. Þá hefur verið dregið úr hæfiskröfum umsjónarmanns. Einnig er bent á að það þykir stangast á við reglur um óhlutdrægni að umsjónarmaður geti verið starfsmaður umboðsmanns skuldara og óljóst er hver greiðir fyrir vinnu umsjónarmanns.

e) Um 20. gr.

Gert er ráð fyrir að umsjónarmaður sendi kröfuna til héraðsdóms í því umdæmi þar sem embætti umboðsmanns hefur aðsetur. Í athugasemdum við greinina kemur fram að gert sé ráð fyrir að öll mál er varða þvingaða greiðsluaðlögun fari til meðferðar til Héraðsdóms Reykjavíkur. Þessi háttur sem hér er á hafður er ekki í samræmi við varnarþingsreglur.

f) Um 21. gr.

Sú málsmeðferð sem gert er ráð fyrir í 21. gr. frumvarpsins samrýmist vart hlutverki héraðsdóms. Eðlilegra þykir að umboðsmaður annist þá málsmeðferð sem þar er lýst og að hann sendi málið héraðsdómi að loknum umsagnarfresti.

Verði héraðsdómi hins vegar falin málsmeðferðin er lagt til að kröfuhöfum verði tilkynnt um kröfu skuldara um þvingaða greiðsluaðlögun í Lögbirtingarblaði. Ótækt þykir að héraðsdómur sendi hverjum og einum kröfuhafa tilkynningu og þurfi þar með að ganga úr skugga um að móttakanda hafi borist tilkynningin. Slíkt er kostnaðarsamt og tímafrekt.

Óljóst er til hvers er ætlast og hver meðferð innsendra umsagna kröfuhafa og skuldara eigi að vera hjá dómstólnum. Má í þessu sambandi benda á orðalag í greinargerð með frumvarpinu þar sem tekið er fram að uppfylli frumvarp að nauðasamningi öll skilyrði laganna, en sjónarmið sem fram hafi komið við meðferð málsins dragi fram að það sé sanngjarnt að gera breytingar á frumvarpinu, getur héraðsdómur staðfest frumvarp með breytingum. Óljóst er samkvæmt framangreindu hvaða sjónarmið er hér átt við.

Samkvæmt núgildandi lögum er haldið þinghald til staðfestingar nauðasamnings og komi upp ágreiningur er þingfest ágreiningsmál sem rekið er fyrir dóminum í samræmi við réttarfarsákvæði gjaldþrotaskiptalaga.

Með frumvarpinu eru ágreiningsmál vegna nauðasamninga færð í óformlegra ferli sem gæti hugsanlega skert rétt hvers kröfuhafa til að fá úrlausn síns máls.

b) Um 22. gr.

Þau atriði sem valda því að héraðsdómur skuli neita staðfestingu kröfu skuldara um þvingaða greiðsluaðlögun þykja of matskennd og óljós.

c) Um 23. gr.

Óvissa ríkir um það hver skuli kanna hvort hinum almennu skilyrðum nauðasamnings til greiðsluaðlögunar hafi verið fullnægt í þeim tilvikum sem umsjónarmaður heimilar að ljúka gjaldþrotaskiptum á búi einstaklings með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar. Ekki er í frumvarpinu kveðið á um það hvort það sé hlutverk umsjónarmanns (skiptastjóra) eða hvort héraðsdómari skuli kanna hin almennu skilyrði og hvort þeim hafi í öndverðu verið fullnægt. Veldur þetta ákveðinni réttaróvissu ásamt því að ójafnræði skapast á milli skuldara eftir því hvort þeim sé veitt heimild til greiðsluaðlögunar hjá umboðsmanni skuldara eða óski nauðasamnings við gjaldþrotaskipti. Vert er að benda á að samkvæmt núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að héraðsdómari kanni hin almennu skilyrði þegar gjaldþrotaskiptum verður lokið með nauðasamningi.

Dómarafélag Íslands áréttar að jafnvel þótt bent hafi verið á ofangreind atriði sem færa megí til betri vegar varðandi einstök ákvæði frumvarpsins, telur félagið að réttarfarsákvæði frumvarpsins séu með þeim hætti að nauðsynlegt sé að þeim verði vísað til réttarfarsnefndar til algerrar endurskoðunar.

Virðingarfyllst,

f.h. Dómarafélags Íslands

Ingveldur Einarsdóttir, formaður

Nauðasamningur

Samningur um greiðslu skulda eða eftirgjöf þeirra,
sem kemst á milli skuldarans og nauðsynlegs
meirihluta lánardrottna hans og hlýtur síðan
staðfestingu fyrir dómi

Alþingi
Erindi nr. P 134/2588
komudagur 20.5.2010

Nokkrar spurningar / þörf breytinga

Krafa um einföldun reglna við nauðasamningsumleitanir og um fljótverkara kerfi nauðasamninga

- stærri félög með flóknari rekstur
- oft rekstur hér á landi og erlendis
- flóknari samningar
- flókin eignatengsl, gagnkvæmar ábyrgðir oft milli móður- og dótturfélaga
- aukin krafa um þátttöku veðkröfuhafa; skýrari mörk samningskafna og veðkrafna
- skuldarar í einföldum rekstri, skjótari reglur

Nauðasamningsumleitanir – yfirlit nógildandi reglna

Skuldari útbýr frumvarp að nauðasamningi, 36. gr.

Tiltekið hlutfall samningskröfuhafa (25%) samþykkir **frumvarp** áður en leitað er til héraðsdóms, 35. gr.

Samþykki 25% kröfuhafa, talið bæði eftir kröfufjárhæð og eftir höfðatölu.

Héraðsdómur kannar hvort skilyrði eru til staðar. Skipar umsjónarmann, 39. gr.

Umsjónarmaður **kallar eftir kröfum** í Lögbirtingablaði. Fjögurra vikna frestur til að lýsa kröfum, 44. gr.

Umsjónarmaður gerir **skrá** um samningskröfur, 46. gr.

Samningskröfur, neikvæð skilgreining í 28. gr.

Atkvæðismenn, skilgreining í 33. gr.

Nauðasamningsumleitanir - yfirlit núgildandi reglna

Fundur með kröfuhöfum til atkvæðagreiðslu innan tveggja vikna frá því að kröfulýsingafresti lauk, 48. gr.

Atkvæðagreiðsla á fundi og e.t.v. á framhaldsfundi.

Frumvarp samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða og eftirgjöf af samningskröfum á að nema, bæði eftir samningsfjárhæð og höfðatölu, þó að lágmarki 60%, 49. gr.

Héraðsdómur kannar hvort skilyrði eru til staðfestingar, auglýsir þinghald í Lögbirtingablaði, 55. gr.

Ef nauðasamningur er staðfestur, **auglýsir umsjónarmaður niðurstöðu** hans í Lögbirtingablaði, 59. gr.

Nauðasamningsumleitanir – fyrirhugaðar breytingar

- 1. Fallið frá skilyrði um að 25% samningskröfuhafa eftir höfðatölu samþykki frumvarp að nauðasamningi, 35. gr.**
 - af hverju ekki fallið frá þessu skilyrði að öllu leyti?
- 2. Ný heimild fyrir samningskröfuhafa að greiða atkvæði um nauðasamning í kröfulýsingu sinni, 45. gr.**
- 3. Atkvæði gildir þótt breyting hafi verið gerð á frumvarpi, ef breytingin er samningskröfuhafa í hag, 50. gr.**

Nauðasamningsumleitanir – fyrirhugaðar breytingar

4. Auknar kröfur gerðar til **veðkröfuhafa**, 28. gr.
 - Lánardrottinn getur afsalað sér veðrétti fyrir kröfu sinni með sérstakri yfirlýsingu
 - Ekki verður gengið að skuldara til greiðslu eftirstöðva veðkrafna, 4. mgr. 60. gr.
 - Skýring á samspili þessara reglna
5. **Umsjónarmaður** gerir **skrár** fyrir samningskröfur og veðkröfur, 46. gr.
6. **Atkvæðisréttur veðkröfuhafa** fyrir þeim hluta sem hann hefur afsalað sér tryggingarétti, 33. gr.
7. **Fundur** til atkvæðagreiðslu innan fjögurra vikna, 48. gr.

Nauðasamningsumleitanir– fyrirhugaðar breytingar

- 8. Skuldari getur breytt frumvarpi sínu á meðan nauðasamningsumleitunum stendur, þarf ekki lengur að leita samþykkis 25% samningskröfuhafa, 47. gr.**
- 9. Breyttar reglur um samþykki nauðasamninga**
 - Alltaf áskilið sama hlutfall og sem nemur eftirgjöf eftir fjárhæðum
 - Einungis áskilið samþykki 60% kröfuhafa eftir höfðatölu
 - Af hverju ekki gengið lengra?
- 10. Auknar kröfur til skuldara, um að hann sýni fram á getu til að standa við nauðasamninginn, þegar hann óskar eftir staðfestingu hans, 54. gr.**



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 138/222Y
komudagur 12.5.2010

Nefndasvið Alþingis,
félags- og tryggingamálanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2010

Dómstólaráði hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, þskj. 950, og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignakrafna á íbúðarhúsnæði, þskj. nr. 951.

560

Dómstólaráð tekur fram að beiðni um umsögn barst 3. maí síðastliðinn og hefur því ekki gefist viðhlítandi svigrúm til að fara yfir efni frumvarpanna eins og ástæða hefði verið til. Verður að skoða umsögnina í ljósi þess og er áskilinn réttur til að koma að frekari athugasemdum, skriflega eða munnlega, fyrir félags- og tryggingamálanefnd. Þá verður að segjast eins og er að það er ekki í samræmi við vandaðan undirbúning lagasetningar hversu brátt þetta frumvarp ber að og að ekki hafi, að því er séð verður, verið leitað samráðs við sérfræðinga á þessu réttarsviði. Vekur því undrun að ekki hafi verið leitað til réttarfarsnefndar við samningu frumvarpanna.

X Um einstakar greinar frumvarps til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Um 9. gr.

Samkvæmt ákvæðinu er gert ráð fyrir að öll málsmeðferð fyrir héraðsdómi taki einn mánuð frá því krafa skuldara berst dóminum þar til úrskurður er kveðinn upp. Sá tímafrestur er alltof skammur og því óraunhæfur. Fjöldi greiðsluaðlögunarmála hefur verið miklu meiri en gert var ráð fyrir. Ekki er vitað hve mikill fjöldi slíkra mála muni berast héraðsdómi verði frumvarpið að lögum. Gert er ráð fyrir því að öll mál varðandi þvingaða greiðsluaðlögun verði afgreidd í Héraðsdómi Reykjavíkur. Sá dómstóll er nú þegar í miklum öðrum sem munu aukast verulega á nk. árum. Tveir aðstoðarmenn hafa verið uppteknir í þessum málum og þá hafa tveir dómarar sinnt þeim að hluta, en þeir fara jafnframt með munnlega flutt einkamál. Hefur dómstóllinn engan veginn haft undan að afgreiða þau mál sem honum hafa borist og bíða nú vel á annað hundrað mál afgreiðslu. Blasir því við að verði frumvarpið að lögum ber brýna nauðsyn til að fjölga starfsmönnum sem sinna þessum málum. Að öðrum kosti mun málsmeðferð dragast verulega.

Um 21. gr.

Því er eindregið mótmælt að héraðsdómi verði gert að tilkynna öllum kröfuhöfum skuldara um ósk hans um þvingaða greiðsluaðlögun, enda er með öllu fráleitt að slíkar byrðar verði lagðar á dómstólinn. Þá skortir með öllu málsmeðferðarreglur fyrir dómi vegna mótmæla sem kröfuhafar kunna að gera við það að þvinguð greiðsluaðlögun komist á fyrir skuldara.



DÓMSTÓLARÁÐ

Um 22. gr.

Það er álit dómstólaráðs að þau efnisatriði sem dómstóll á að leggja mat á þegar tekin er afstaða til þess hvort þvinguð greiðsluaðlögun verði staðfest séu allsendis ófullnægjandi. Þau atriði, sem um ræðir í þessu ákvæði, eru alltof matskennd og óljós, en viðhlítandi leiðbeiningar að þessu leyti er ekki að finna í greinargerð með frumvarpinu. Þá algjörlega óljóst á hvern hátt skal kynna úrskurð héraðsdóms fyrir skuldara og kröfuhöfum.

Um 23. gr.

Á það skal bent að í þeim tilvikum þegar bú einstaklings hefur verið tekið til gjaldþrotskipta og umsjónarmaður heimilar að ljúka þeim með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar ríkir ákveðin óvissa um hver skuli kanna hvort hinum almennu skilyrðum nauðasamnings til greiðsluaðlögunar hafi verið fullnægt. Ekki er mælt fyrir um það í frumvarpinu hvort það eigi að vera í verkahring umsjónarmanns (skiptastjóra) eða hvort héraðsdómari skuli kanna hin almennu skilyrði og hvort þeim hafi í öndverðu verið fullnægt. Verði frumvarpið að lögum gæti því ríkt réttaróvissa og ójafnræði jafnframt skapast milli skuldara eftir því hvort þeim er veitt heimild til greiðsluaðlögunar hjá Umboðsmanni skuldara eða þeir óski nauðasamnings í gjaldþrotaskiptum. Jafnframt skal á það bent að samkvæmt núgildandi lögum er ekki gert ráð fyrir að héraðsdómari kanni hin almennu skilyrði verði gjaldþrotaskiptum lokið með nauðasamningi.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði.

Um 5. gr.

Vísað er til athugasemda að framan í umsögn um 21. gr. frumvarps til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga varðandi málsmeðferð fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu er lagst gegn því að frumvörpin verði óbreytt að lögum. Jafnframt er eindregið lagt til að réttarfarsnefnd fái frumvörpin til meðferðar í því skyni að gerðar verði á þeim nauðsynlegar breytingar.

Að lokum skal áréttað að dómstólaráð áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum við frumvarpið.

Fyrir hönd dómstólaráðs,

Helgi I. Jónsson,
starfandi formaður

Hugleiðingar undirritaðs vegna frumvarps til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Rekstur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga (hér eftir nefndur Sparisjóðurinn) er tiltölulega einfaldur að uppbyggingu. Hann tekur við innlánnum og veitir útlán ásamt því að sinna allri almennri viðskiptabankaþjónustu. Sparisjóðurinn hefur hóflegan vaxtamun sem nýttur er til að standa undir stærstum hluta rekstri hans. Þegar veitt eru útlán er gerður samningur við viðskiptavininn um að lána honum tiltekna upphæð sem greiðist til baka með fyrirfram gefnum forsendum. Lánveitandi og lánþegi samþykkja síðan báðir skilmálana með undirritun sinni á skuldaskjali. Til að viðskiptavinur geti fengið lán þarf hann að standast greiðslumat sem sýnir að hann geti greitt af láninu. Oftast hagar þannig til að Sparisjóðurinn óskar eftir tryggingum frá viðskiptavininum til að tryggja endurgreiðslu lánsins, komi til greiðslufalls greiðanda. Helstu tryggingarnar fyrir því eru lögveð í eign viðkomandi og algengt er lánsveð sem viðkomandi fær í eign hjá þriðja aðila. Þá skal geta um sjálfskuldarábyrgð sem oftast er fengin út á smærri lán, yfirdráttarheimildir og kortaviðskipti, en þar gangast einstaklingar í ábyrgð fyrir skuldum viðkomandi viðskiptavinar. Þess er vandlega gætt að ábyrgðaraðilar séu þess full meðvitaðir að verði greiðslufall hjá skuldaranum fellur lánið á þá. Ekki er óalgengt að fleiri en einn ábyrgðaraðili sé á sama láninu til að dreifa áhættunni. Mjög algengt er að lán til viðskiptavinar byggist að miklu leyti á styrk ábyrgðaraðila og oft fær hann lán fyrir tilstuðlan ábyrgðaraðila. Ábyrgðarmenn eru ekki teknir gildir nema þeir séu taldir að fullu hæflir til þess að standa undir þeirri ábyrgð komi til greiðslufalls hjá lántakanda. Vissulega geta aðstæður ábyrgðaraðila breyst þannig að viðkomandi geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, frekar en greiðandi, og verður þá Sparisjóðurinn að leysa þau mál á sínum forsendum t.d. með skuldbreytingum, vaxtafrýstingu eða öðrum leiðum.

Varðandi erlend lán í Sparisjóðnum þá er rétt að geta þess að Sparisjóðurinn hefur ekki lánað í erlendri mynt síðan í ársbyrjun 2007. Heildarútlán í erl. myntum í Sparisjóðnum eru um 160 milljónir króna og á Sparisjóðurinn erlendan gjaldeyri á móti til að tryggja stöðu sína gagnvart gengisbreytingum. Ekkert bílalan er í erlendri mynt. Til að fjármagna lánin var heitið samningi um lánalínu við Sparisjóðabankann. Sú lánalína fluttist yfir í Seðlabanka Íslands við fall Sparisjóðabankans og er þar flokkuð sem krafa á Sparisjóðinn. Í samningum við Seðlabankann um uppgjör kröfunnar var ófrávíkjanlegt af hálfu Seðlabanka að einungis yrði gefinn 12% afsláttur af henni og þá einungis við fulla uppgreiðslu. Athyglisverð mismunur miðað við fluttu lánin í nýju bankanna. Á þessu sést að ekki er svigrún til að gefa greiðendum hærri afslátt en 12% af uppgreiðslu lána þeirra öðru vísi en að rýra stöðu Sparisjóðsins. Það er vert að vekja athygli á að í dag er gengi USD nálagt 127 kr. pr. USD en var 118 kr. pr. USD árið 2001.

Undirritaður hefur leitað upplýsinga á hvaða verði hinir svokölluðu nýju bankar, fengu útlánin flutt til sín úr þrotabúum gömlu bankanna. Ekki virðist nokkur leið að verða sér út um

staðfestar upplýsingar um þann gjörning en ætla má að lánapakkarnir hafi verið fluttir í nýju bankanna með 40 til 60% afföllum. Á nýlegum fundi með útibústjóra eins af nýju bönkunum upplýstist að krafa er um það frá æðstu ráðamönnum í viðkomandi banka að öll lán skulu innheimtast að fullu sé þess nokkur kostur. Það er augljóst að þarna á sér stað mikil mismunun milli nýju bankanna og annara fjármálafyrirtækja sem nauðsynlegt er að taka tillit til í væntanlegum lögum um greiðslujöfnun.

Sparisjóður Suður-Þingeyinga er ein fárra, ef ekki eina fjármálastofnunin á viðskiptabankasviði sem lifði af bankahrunið og hefur ekki sótt um aðstoð frá hinu opinbera. Vissulega hefur Sparisjóðurinn orðið fyrir áföllum þar sem hann hefur þurft að færa niður eignahluta sinn í fyrirtækjum sem hann átti í og tengdist svokallaðri Sparisjóðafjölskyldu. Eigið fé Sparisjóðsins hefur lækkað í ca. 300 milljónir og er gert ráð fyrir því að eiginfjárhlutfallið verði um 10,4%. Það er því talsverð hætta á því að Sparisjóðurinn fari í þrot, verði honum gert skylt með lögum að afskrifa óþekktan hluta af útlánasafni sínu þrátt fyrir að geta sýnt fram á greiðsluöryggi viðkomandi lána t.d. með veðum eða ábyrgðum. Í framhaldi af þessu vaknar sú spurning hvort hið opinbera skapi sér ekki skaðabótaskyldu með setningu laga, þar sem fjárhagslegu sjálfstæði fyrirtækis í frjálsum rekstri er ógnað með lögskipaðri niðurfellingu krafna, sem fyrirtækið telur að fullu tryggðar samkvæmt þeim lögum sem í gildi voru þegar skuldirnar voru stofnaðar. Einnig vaknar sú spurning hvernig Sparisjóðurinn á að fjármagna væntanlegar afskriftir ef hið opinbera yrði fríað frá bótaskyldu eftir setningu laganna.

Vegna deilna um undirritun og samþykkis míns, fyrir hönd Sparisjóðsins á greiðsluaðlögunarmálum sem nú eru í gangi varðandi frjálsa greiðsluaðlögun, skal tekið fram að mér er með öllu óheimilt að samþykkja hvers konar gjörning sem getur leitt til falls Sparisjóðsins og með slíkri undirskrift gæti ég skapað mér refsíábyrgð samkvæmt lögum.

Fyrir liggur að hið opinbera hefur og mun koma að endurreisn fjölda fjármálafyrirtækja og flestra sparisjóða og mun verða meirihlutaeigandi í einhverjum fjármálafyrirtækjum og með ríkjandi stofnfjárhlut í viðkomandi sparisjóðum, þar sem Bankasýslu ríkisins verður falin umsjón fyrir hönd hins opinbera. Samkvæmt mínum heimildum er skylda við setningu laga á Alþingi, sem hugsanlega hefur í för með sér útgjöld að hálfu hins opinbera, að leggja fram nákvæma kostnaðaráætlun vegna þess kostnaðar sem setning laganna getur skapað. Af því leiðir að slíkur útreikningur verður að liggja fyrir varðandi frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Varðandi frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga tel ég að í frumvarpinu verði að vera skýlaus ákvæði um framfærslukostnað einstaklinga og fjölskyldna til að koma í veg fyrir mismunandi viðmið við útreikninga eins og reynslan sýnir að hefur gerst. Sama gildir um lengd greiðsluaðlögunartímabilsins sem samkvæmt frumvarpinu á að vera 2 til 5 ár. Heppilegra væri að hafa einungis fast tímabil t.d. 3 ár.

Samkvæmt frumvarpinu virðist réttur kröfuhafa vera mjög takmarkaður og einungis skuldara gefinn kostur að vísa málum til ráðherra s.b.r. 4, 5, 8 og 17 gr. frumvarpsins án þess að skilgreina hvað ráðherra hyggst gera í þeim tilfellum. Tel ég þarna um mikla mismunun og óvissu að ræða.

Ég er ekki lögfræðimenntaður og get ekki gert mér fulla grein fyrir því hvort staðfesting frumvarpsins geti haft áhrif á önnur lög. Það vekur þó upp í huga mínum ýmsar spurningar þegar til stendur að fella niður skattgreiðslur af niðurfelldum skuldum hjá einhverjum hluta þeirra sem leita greiðsluaðlögunar. Líta má á að við lántöku tekur skuldari við fjármagni sem myndar eignastofn en við endurgreiðslu lánsins fyrir skattgreiðsla. Ef ekki er um gjaldþrot að ræða en lán afskrifuð án skattgreiðslu, er þá ekki verið að brjóta jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar með slíkri mismunun?

Þá mótmæli ég því sem tiltekið er í 12. gr. frumvarpsins að ekki megi semja við eða krefja ábyrgðaraðila um greiðslu skulda.

Í þeim tilfellum sem Sparisjóðurinn hefur komið að greiðsluaðlögun hefur ekkert tilfelli verið vegna kreppunnar eftir fall bankanna. Þau dæmi hafa ekki aukið trú mína á viðkomandi frumvarpi auk þess sem dæmin sanna að mikil mismunun á sér stað milli þeirra sem í raun eru gjaldþrota auk þeirra sem komast í greiðsluaðlögun gagnvart þeim sem ekki komast í greiðsluaðlögun og leggja hart að sér við að standa við gerða samninga. Samkvæmt frumvarpinu skal afskrifa allar samningskröfur að loknu greiðsluaðlögunartímabilinu sem gerir það að verkum að sá sem er búinn að fara í greiðsluaðlögun er á grænni grein fjárhagslega en sá sem er undir mörkunum verður í vanda um ókomna tíð. Það getur ekki verið andi laganna að mismuna fólki svona takmörkunarlaust.

Laugar 09.04.2010

Guðmundur E. Lárusson

Sparisjóðsstjóri

Sparisjóðs Suður-Þingeyinga

Alþingi
Erindi nr. P 138/2841
komudagur 11. 6. 2010

Hagsmunasamtök Heimilanna

Stöðum vörð um heimilin sem grunnaði samfélagið



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.6.2010

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, þskj. 950 – 560. mál á 138. löggjafarþingi.

Almennt

Hagsmunasamtök heimilanna telja jákvætt skref stigið með því að sameina undir ein lög ákvæði um greiðsluaðlögun einstaklinga. Er það í samræmi við ábendingar samtakanna frá þeim tíma er frumvörp um greiðsluaðlögun samningskrafna og greiðsluaðlögun veðkrafna voru til umfjöllunar í félags- og tryggingamálanefnd á síðasta ári.

Samtökin fagna því að á mörgum stöðu í nýja frumvarpinu hefur verið tekið tillit til þeirrar ábendingar að greiðsluaðlögunin nær til einstaklings, en ekki skuldara og að viðsemjendur eru lánadrottinnar en ekki kröfuhafar. Hvetja samtökin viðskiptanefnd til að ljúka þessari breytingu texta, þannig að samræmi sé alls staðar í orðanotkun.

Samtökin vísa til fyrri umsagnar um þingskjalið um fjölmörg efnisatriði sem ekki hefur verið tekið tillit til. Í heildina er nýja frumvarpið bót frá því fyrra, þó alltaf megi deila um einstök atriði. Þannig eru ennþá ýmis tímamörk of knöpp og lýsingarorð notuð sem munu örugglega valda erfiðleikum með framkvæmd einstakra atriða og verða til þess að mörg mál eiga eftir að enda fyrir kæruneftnd.

Í fyrri umsögn gagnrýndu samtökin hina miklu gagnöflun sem þörf er á. Heldur virðist nýja frumvarpið bæta í. Telja samtökin að þessi tíðtæka gagnaöflun sé einfaldlega tæknileg hindrun fyrir því að einstaklingar leiti eftir þessu úrræði.

Haldið er í nokkur önnur atriði í nýju útgáfu frumvarpsins, sem samtökin gerðu athugasemd við í þeirri fyrri. Þau eru í sjálfu sér smávægileg og verður þeim ekki haldið freka á lofti.

Samtökin fagna þeim fjölmörgu breytingum sem gerðar hafa verið frá og með IV. kafla frumvarpsins.

Virðingarfyllt
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna

Friðrik Ó. Friðriksson

Marinó G. Njálsson

Alþingi
Erindi nr. 138/2426
komudagur 19.5.2010

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



Reykjavík, 17. maí 2010

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Félags- og tryggingamálanefndar
Alþingis vegna þingskjals nr. 950, 560. máls, 138. löggjafarþingi, 2009-2010.**

Frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Almennt

Hagsmunasamtök heimilanna telja jákvætt skref stigið með því að sameina undir ein lög ákvæði um greiðsluaðlögun einstaklinga. Er það í samræmi við ábendingar samtakanna frá þeim tíma er frumvörp um greiðsluaðlögun samningskrafna og greiðsluaðlögun veðkrafna voru til umfjöllunar í félags- og tryggingamálanefnd á síðasta ári.

Í grófum dráttum er þrennt sem samtökunum finnst athugavert við frumvarpið sem hér um ræðir:

1. Lögin eru um greiðsluaðlögun einstaklinga. Það er einstaklingur sem sækir um greiðsluaðlögunina. Vissulega er hann lántaki eða skuldari, en fyrst og fremst einstaklingur. Því telja samtökin að það sé hreinlega rangt að, okkur liggur við að segja, tönnlast á orðinu "skuldari". Eins og segir í 1. mgr. 2. gr. þá tekur greiðsluaðlögun "til allra fjárskuldbindinga einstaklings". (Benda má á ósamræmi milli þessarar málsgreinar og 1. mgr. 24. gr.) Í greininni sem nær til gildissvið er hvergi minnst á "skuldara" og þá því á það hugtak sér ekki stoð í gildissviði laganna. Er lagt til að þessu verði breytt í frumvarpinu. Einnig er lagt til að eftir að einstaklingur hefur umsóknarferlið, sé notað hugtakið "umsækjandi". Eftir að samningur um greiðsluaðlögun er komin á, þá er viðkomandi aftur orðinn "einstaklingur".
2. Ýmis tímamörk eru of þröngt sniðin og óraunhæft að ætlast til þess að hægt verði að standa við þau.
3. Of víða er ætlast til þess, að þeir sem vinna eftir ákvæðum væntanlegra laga, þurfi að leggja huglægt mat á alls konar atriði, án þess að nokkur leiðsögn sé gefin um á hverju slíkt huglægt mat á að byggja.

Frumvarpinu er ekki tekið á skuldbindingum sem verða til sem hluti af daglegu lífi þess einstaklings sem er í greiðsluaðlögun. Mun einstaklingur í greiðsluaðlögun t.d. missa greiðslukortin sín eða skuldbindur viðskiptabanki viðkomandi sig til að halda uppi eðlilegum samskiptum við hann. Þetta er mjög mikilvægt, því annars er verið að leggja stein í götu þess, sem er í greiðsluaðlögun og lýsa því yfir að viðkomandi sé ekki þegn meðal þegna, maður meðal manna. Margir sem hafa rætt við samtökin hafa m.a. lýst því að það að geta ekki haft greiðslukort geri þá að annars flokks þegn í landinu. Víða er ekki hægt að stunda viðskipti án þess að vera með greiðslukort. Fólk er þvingað til óhagstæðra viðskipta, afslættir falla niður og ekki er hægt að taka bíl á leigu eða skrá sig inn á hótél. Það er skiljanlegt, að greiðslukort sé tekið af einstaklingi, sem misnotar kortið, en frumvarpið fjallar almennt ekki um fólk með slík vandamál. Því er mikilvægt, að því sé á einhvern hátt komið á framfæri, að með því að fá greiðsluaðlögun samþykkt, lendi einstaklingur ekki í því að vera meinað um þjónustu sem hinum almenna viðskiptavini fjármálafyrirtækis stendur til boða.

Loks vilja Hagsmunasamtök heimilanna gagnrýna að svo frumvarp sé samið án aðkomu þeirra sem bera hagsmuni lántaka fyrir brjósti. Frumvarpið ber þess öll merki, að fulltrúar

Samtaka fjármálafyrirtækja hafi haft fingur í máium. Er það að mati samtakanna stórfurðulegt í ljósi þess hvernig fyrirtæki innan samtakanna lögðu íslenskt hagkerfi skipulega í rúst. Háttsettir einstaklingar innan fjármálafyrirtækjanna hafa jafnvel réttarstöðu grunaðra í sakamálum. Þetta fyrirkomulag er í besta falli hæpið og alveg örugglega siðferðislega rangt. Leggja samtökin til, að lögmenn sem eru að gæta réttar þeirra, sem kröfuhafar sækja að, séu framvegis fengnir til að taka þátt í því að semja svona frumvörp.

Að því sögðu kemur hér fyrir neðan umsögn samtakanna um einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Varðandi 2. gr.:

Í 3. mgr. er í reynd komið í veg fyrir að stór hópur einyrkja geti nýtt sér úrræði væntanlegra laga. Samtökin stóðu í þeim skilningi, eftir kynningu aðstoðarfólks félags- og tryggingamálaráðherra á hugmyndum ráðherra, að það ætti einmitt að tryggja að sérstaklega bændur gætu nýtt sér greiðsluaðlögunina. Vissulega mun stór hópur ekki þurfa að nýta sér greiðsluaðlögunina staðfesti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms frá 30. apríl sl., en ekki er hægt að treysta á þá niðurstöðu og því er mjög mikilvægt, að bændum og öðrum í svipaðri stöðu verði gert kleift að sækja um greiðsluaðlögun.

Varðandi 4. gr.:

Í greininni er löng upptalning á atriðum sem fylgja skulu umsókn um greiðsluaðlögun. Ekki er hægt að líta þessa upptalningu öðrum augum, en að um tæknilega hindrun sé að ræða. Vissulega eru mörg þeirra gagna sem óskað er eftir, nauðsynleg til að hægt sé að meta stöðu umsækjanda, en sumt af þessu er eingöngu á færi sérfróðra að átta sig á. Vilja samtökin bara taka sem dæmi tölulið 9 í 2. mgr. þar sem segir:

"9. Hvort einhverjar ráðstafanir hafa verið gerðar sem kynnu að teljast riftanlegar í skilningi gjaldþrota laga."

Hér er ætlast til þess að umsækjandi ekki bara þekki gjaldþrotalögin og hvaða útgáfa þeirra er í gildi, heldur á viðkomandi að geta gert sér grein fyrir hvar í lögunum þau ákvæði eru sem tilgreina hvaða ráðstafanir teljast riftanlegar. Er alveg lágmark að sett sé tilvísun í lögin með laganúmeri og greinarnar sem við á með greinarnúmerum.

Í 6. tölulið þarf umsækjandi að meta mánaðarleg útgjöld sín. Hér er verið að setja umsækjanda í erfiða stöðu, þar sem gefi hann upp of háa tölu, þá hefur umboðsmaður skuldara heimild til að hafna umsókninni. Í gr. 18 um frumvarp til frjálsrar greiðsluaðlögunar segir í 3. mgr.:

"Feli tillaga umsjónarmanns í sér að skuldari inni af hendi reglulegar afborganir á tilteknu tímabili skal umsjónarmaður miða við að skuldari haldi eftir svo miklu af tekjum sínum sem með sanngirni má ætla að dugi til að sjá honum og heimilisfólki hans farborða og þeim einstaklingum sem hann hefur framfærsluskyldu gagnvart samkvæmt lögum."

Og í athugasemd með 18. gr. segir:

"Við vinnslu tillögunnar skal fyrst líta til þess hvað skuldari þarf til að sjá sér og sínum farborða og tryggja þannig framfærslu hans og hans nánustu...Getur umsjónarmaður í þessu sambandi tekið mið af neysluviðmiði því sem Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna hefur beitt.."

Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, og Ásta Sigrún Helgadóttir, forstöðukona Ráðgjafastofu um fjármála heimilanna, hafa bæði komið fram á opinberum vettvangi og lýst því yfir að viðmiðin sem ráðgjafastofan noti séu óraunhæf. Ásta Sigrún lýsti því jafnframt yfir á málstofu Seðlabanka Íslands 12. apríl sl. að eina ástæðan fyrir því

að ráðgjafastofan er að nota þessi viðmið, er að engin önnur eru til. Hagsmunasamtök heimilanna teija stór vafasamt að vera með nokkra tilvísun til þessara viðmiða. Þau eru, eins og Ásta Sigrún lýsti á málstofu SÍ, bara ætluð þegar ákvarða á algjöra lágmarksframfærslu til skamms tíma. Samtökin telja mjög mikilvægt að fundið sé út hver eðlileg framfærsla er hjá fjölskyldum miðað við samsetningu þeirra. Samtökin telja sig vita hvers vegna það hafi ekki verið gert, en það er vegna þess að lágmarkslaun, lífeyrir og ýmsar bætur eru beint eða óbeint tengt við viðmiðin sem ráðgjafastofan notar. Verði fundið út hver raunverulega framfærsla er, þá neyðist stjórnvöld og atvinnulíf til að endurskoða laun, lífeyri og bæturnar. Hagsmunasamtök heimilanna leggja til að Hagstofan verði látin reikna út framfærslukostnað mismunandi heimila og síðan verði notað sem viðmið fyrir framfærslu í greiðsluáðlögun. Hugsa má sér að nota 1/2 til 1 staðalfrávik frá miðgildi hverrar tegundar fjölskyldu, en þó skuli taka tillit til sérstakra útgjalda vegna sérþarfa viðkomandi fjölskyldu.

Í síðustu málgr. greinarinnar er félags- og tryggingamálaráðherra veitt heimild til "að kveða nánar á um í reglugerð hvaða upplýsingar einstaklingur sem óskar greiðsluáðlögunar skuli láta af hendi". Spurning er hvort ráðherra skuli ekki vera skylt að gefa út þessa reglugerð.

Varðandi 5. gr.:

Í 2. mgr. segir:

"Félags- og tryggingamálaráðherra er heimilt að kveða nánar á um það í reglugerð hvaða aðstoð skuldara bjóðist við gerð umsóknar og öflun fylgigagna með henni."

Samtökin telja að með þessu sé í reynd verið að gefa ráðherra frjálst spil til að koma í veg fyrir að umsækjandi um greiðsluáðlögun fái endurgjaldslaus aðstoð, eins og segir í 1. mgr. greinarinnar.

Varðandi 7. gr.:

Í greininni er rætt um aðstæður sem geta valdið synjun. Í fyrsta lagi, þá er ætlast til þess að umsækjandi skili inn mjög mikið af gögnum og má lítil á þá kröfu sem tæknilega hindrun. Í öðru lagi virðist ekkert vera sagt um það í frumvarpinu að umsækjanda gefist kostur á að bæta úr annmörkum. Spurning hvort bæta megi því inn í 6. gr. og hafa tilvísun í það í 7. gr. Hafa skal í huga að umboðsmaður skuldara mun falla undir stjórnsýslulög og því gilda ákvæði stjórnsýslulaga um tímafresti og andmælarétt. Í þriðja lagi á umsækjandi að líða fyrir að kröfur séu umdeildar (sjá tölulíður e í 1. mgr.). Sem stendur ríkir mikil réttaróvissa um mörg atriði varðandi lögmæti þeirrar hækkunar sem varð á lánum landsmanna. Samtökin telja að sú óvissa nái einnig til verðtryggðra lána, þar sem samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og stefnu skilaneftndar og slitastjórnar Glitnis var skipulega unnið gegn lántökum og almenningi með ýmsu vægt til orða tekið vafasömum aðgerðum. Meðan Alþingi hefur ekki treyst sér til að samþykkja lög um hópamálsókn, þá er það lagt á einstaklinginn að sækja rétt sinn út af umdeildum og vafasömum kröfum fjármálaþyrskotækja. Er það skoðun samtakanna, að mikið vanti upp á að stjórnvöld verndi hagsmuni neytenda gegn yfirgangi fjármálaþyrskotækja, sem nýta sér aðstöðumun og gallað lagaumhverfi neytenda til að gera neytendum erfitt fyrir að verja sig og standa á rétti sínum. Það verður mjög auðvelt fyrir kröfuhafa að halda til streitu óréttlátum kröfum sínum og þar með valda því að umsækjanda er synjað um greiðsluáðlögun. Vissulega er þetta tímabundið ástand, en meðan það varir er þetta tæknileg hindrun fyrir því að greiðsluáðlögun verði samþykkt. Gagnrýna samtökin stjórnvöld og löggjafavalið fyrir að hafa fyrir löngu samþykkt og innleitt lög um hópamálsóknir. Hugsanlega væri ekki eins mikil þörf fyrir þetta frumvarp um greiðsluáðlögun einstaklinga, ef laga um hópamálsókn nyti við. Í tölulíð d. í 2. mgr. er það gert neikvætt fyrir umsækjanda, að hann hafi reynt að verja rétt sinn vegna óréttláttra og ólögmætra krafna fjármálaþyrskotækja. Við þennan lið verður að bæta einhverju, þar sem með núverandi orðalagi, þá er verið að refsa þeim sem töldu á sér brotið. Vilja samtökin aftur vísa til efnis skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og stefnu í málefnum Glitnis.

Í töluð e. bregður fyrir textanum "bersýnilega sé ósanngjarnt". Hver á að meta hvað telst "bersýnilega ósanngjarnt"? Svo bara sé tekið dæmi af nýlegum úrskurði Hæstaréttar um gæsluvarðhald yfir tveimur fyrrverandi starfsmönnum Kaupþings, þá líta menn sanngirni mismunandi augum. Til þess að hægt sé að nota svona orðalag, þá þarf að fylgja leiðsögn um það hvað er "bersýnilega ósanngjarnt". Því miður eru fleiri dæmi um sambærilegt orðaval í frumvarpinu.

Varðandi 11. gr.:

Í upphafi 2. mgr. segir:

"Vanlýst krafa sem vitað er um skal falla undir greiðsluaðlögunina.."

Þetta er út í hött. Ef kröfuhafar geta ekki lýst kröfum, þá einfaldlega fyrirgera þeir rétti sínum. Skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða veðkröfu eða annað. Fjöldmörg dæmi eru um það í Hæstaréttardómum og t.d. í einum nýlegum var það ekki afsökun að fyrirtæki hafi ekki talið þörf á að lýsa kröfu vegna þess að krafan sem var á undan var svo há. Með þessu ákvæði er því verið að gera tilraun til að breyta dómaframkvæmd. Vanlýstar kröfur eru dauðar kröfur og skulu því ekki teknar til greina í greiðsluaðlöguninni. Séu þær veðkröfur, skal aflýsa þeim.

Varðandi 12. gr.:

Af einhverri ástæðu er í 2. mgr. talin þörf á því að mismuna almennum kröfuhöfum og veðkröfuhöfum. Styrkir þetta, þá skoðun samtakanna, að frumvarpið sé samið af aðilum mjög tengdum stóru fjármálafyrirtækjunum.

Varðandi 13. gr.:

Ekki er tiltekið hvort einstaklingi í greiðsluaðlögun sé gefið færi á að bæta úr því sem úrskæðis hefur farið. HH telja það ekki standast ákvæði stjórnarsýslulaga. Hafa skal í huga að embætti umboðsmanns skuldara fellur undir stjórnarsýslulög.

Varðandi 14. gr.:

Aftur eru notuð orðin "bersýnilega ósanngjarnt". Hvað er sanngjarnt og hvað er ósanngjarnt? Umsækjandi um greiðsluaðlögun verður að vita hvers konar eignir er sanngjarnt að hann haldi eftir. Má ekki alveg eins snúa þessu við og segja að kröfur "sem bersýnilega er ósanngjarnt að halda á lofti" sé hafnað. Hér skín enn og aftur í gegn að þetta frumvarp var samið með hagsmunum fjármálafyrirtækja í huga.

Í 3. mgr. segir:

"Eignir skal selja með þeim hætti að tryggt sé að sem hæst verð fáið fyrir þær."

Hér eru stór orð viðhöfð og ekki víst að framkvæmd þessa ákvæðis verði eins og kröfuhafar vilja. HH vilja benda á, að engin tímamörk eru sett á sölu. Eignin á bara að seljast. Það er alveg ljóst að umsækjandi mun vilja bíða í nokkur ár með að selja eignina eða þar til fasteignamarkaðurinn hefur rétt úr kútnum. Séu aftur tímamörk á sölu eignarinnar, þá er verið að bjóða upp á brunaútsölu á eignum og mikið verðfall verður á markaði. Þetta þarf að skýra betur því textinn eins og hann er býður upp á of mikla túlkun.

Og áfram í 3. mgr. Hvað er átt við með orðunum "[u]msjónarmaður annast sölu sjálfur"? Á lögfræðingurinn með embættisprófið eða meistaraþrófið núna allt í einu að gerast fasteignasali? Eða á hann að hafa milligöngu um að setja eignina á sölu hjá löggiltum fasteignasala? Hvort sem er, þá getur þetta atriði vegið að hæfi umsjónarmannsins til að sinna skyldum sínum. Fyrri atriðið þýðir að hann er að skara eld að sinni köku, þar sem hann fengi sölubóknun. Hið síðara er að hann gæti beint söluinni til viðskiptafélaga eða vinar. Erum við ekki búin að fá nóg af slíku? Setja á það skilyrði að eignin sé sett á sölu hjá löggiltum fasteignasala sem hefur engin tengsl við umsjónarmann.

4. mgr. byrjar svona:

"Umsjónarmaður skal gera veðhöfum viðvart um sölu með minnst tveggja vikna fyrirvara."

Hvað er það sem umsjónarmaðurinn á að láta vita um? Að eignin sé að fara á sölu? Að eignin hafi verið seld? Orðalag setningarinnar bendir til þess síðara, en líklegast er það hið fyrra sem er meint. Orðalag er klaufalegt og getur virkað í mótsögn við það sem á undan er komið, þ.e. "[e]ignir skal selja með þeim hætti að tryggt sé að sem hæst verð fáið fyrir þær."

Varðandi 16. gr.:

Greinin fjallar um lengd greiðsluaðlögunartímabilsins. Það skal vera að jafnaði 2 til 5 ár. "Að jafnaði" hvað þýðir það? Verður greiðsluaðlögun hjá sumum eitt ár og einhverjum öðrum 25 ár? Það er ekki hægt að setja í lagatexta að eitthvað sé "að jafnaði" tvö til fimm ár. Fyrir utan að þessi tímalengd, 2 til 5 ár, hvað ræður henni? Hvernig er hún ákvörðuð? Er ekki eðlilegast að greiðsluaðlögun sé 3 ár eða 4 ár? Bara fastur tími. Nei, hún á að vera "að jafnaði tvö til fimm ár". Ef þessum tímamörkum fylgdi leiðsögn um það hvenær greiðsluaðlögun er 2 ár, hvenær hún er 5 ár og hvenær hún er utan þessara tímamarka, þá væri hægt að vinna eftir þessu ákvæði, en svona er það óframkvæmanlegt. Tekið fram að leiðbeiningar í athugasemdum með frumvarpinu vekja fleiri spurningar en þau svör sem þar koma.

Varðandi 17. gr.:

Þar er ákvörðun um niðurfellingu greiðsluaðlögunarumleitana eingöngu kæránleg í viku til ráðherra. Af hverju þennan stutta frest? Líklegast þarf að semja greinargerð til að rökstyðja kæruna og varla er ein vika nóg. Lagt er til að þessi frestur sé fjórar vikur hið minnsta.

Varðandi 18. gr.:

Búið er að minnast á innihald hennar áður, en auk þess vilja HH gagnrýna loðið orðalag greinarinnar.

Varðandi 19. gr.:

Í greininni er fjallað um samþykki og höfnun kröfuhafa vegna frjálstrar greiðsluaðlögunar. Ekki er ljóst hvort aðilar samningsins, sem felst í greiðsluaðlöguninni, hafi á einhvern hátt skipst á skoðunum um innihald hans. Hvort kröfuhafa og umsækjandi hafi haft einhvern andmælarétt (þetta er jú stjórnsýsluáðgerð) eða reynt sé að leita sátt um ágreining. HH telja mjög mikilvægt að sem flestir samningar um greiðsluaðlögun endi með frjálsum samningi milli aðila. Ferlið verður þá að tryggja slíkt.

Varðandi 20. gr.:

HH óttast að sá frestur sem héraðsdómi er gefinn í 3. mgr. sé óraunhæfur, þegar haft er í huga undirmönnun dómstóla og hve mörgum þarf að senda mikið magn upplýsinga.

Varðandi 22. gr.:

Hér er sett inn enn eitt huglægt atriði í tölulið a. Þar er notað "óhæfilegt". Hvað telst óhæfilegt? Í athugasemd segir: "hvort það teljist hæfilegt með tilliti til annarra þegna samfélagsins". Á dómari líka að gerast siðferðisdómari? Þýðir þetta að gerandi í hruninu fái ekki greiðsluaðlögun. Þetta ákvæði þarf annað hvort að skýra betur út eða sleppa því. HH efast um að nokkur aðili sé þess umkominn að ákveða að einhver sé betur eða verr hæfur til að fá greiðsluaðlögun af siðferðislegum ástæðum. Jafnvel þeir sem voru í aðalhlutverki hrunsins töpuðu miklu fyrir utan mannorðsmissi.

Varðandi 24. gr.:

Í töluliðum b og c er einstaklingi í greiðsluaðlögun gefinn kostur á að losna við skuldir við hið opinbera og vegna vangoldinna meðlaga. Átta nefndarmenn félags- og trygginganefndar sig á þessu og eru þeir sáttir við þetta.

Í tölulið d er fjallað um dómssektir. HH vill vekja athygli á því að með þessu ákvæði er verið að mismuna fólki eftir því hvenær það var dæmt til sektar. Margir hafa valið að greiða ekki sekt og eru þess vegna að bíða eftir að sitja af sér sektina. Munu þeir sleppa við vararefsinguna með því að fara í gegn um greiðsluaðlögun?

Varðandi 25. gr.:


Hér birtist líklega í fyrsta skipti í frumvarpinu atriði, þar sem óvissan liggur kröfuhafa megin. Það varðar umdeildar kröfur, en svo virðist sem það sé í verkahring kröfuhafa að höfða mál til að fá skorið úr um réttmæti kröfunnar.

Samtökin ítreka kröfu sína um nauðsyn þess að stjórnvöld stuðli að almennri höfuðstólsleiðréttingu lána neytenda vegna forsendubrests, aðfara fjármálafyrirtækja að hag viðskiptavina sinna, va nrækslu stjórnvalda í að gæta hagsmuna lántaka og mistaka í efnahagsstjórn undanfarinna ára, en allt hefur þetta leitt til stökkbreytingar á fjárskuldbindingum neytenda. Fyrst eftir almenna leiðréttingu er forsvaranlegt að beita sértækum aðgerðum til frekari úrlausna.


Vafalaust væri hægt að koma með ábendingar um fleiri atriði í frumvarpstextanum. Þar sem störf fyrir Hagsmunasamtök heimilanna eru öll ólaunuð, þá verður því einfaldlega ekki komið við. Samtökunum finnst óeðlilegt, að ráðuneyti félags- og tryggingamála kaupi vinnu af lögfræðingum út í bæ, sem semja hin ýmsu frumvörp sem draga ótrúlega mikið taum kröfuhafa, en ætlist síðan til þess, að þeir sem verja hagsmuni lántaka eigi að skila sinni vinnu pro bono. Fara Hagsmunasamtök heimilanna því fram á, að fulltrúi samtakanna komi að samningu slíkra frumvarpa og fái greitt fyrir þá vinnu sína á sama hátt og aðrir sem koma að málinu. Sjálfboðavinna fyrir stjórnvöld og löggjafann gengur bara í stuttan tíma.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is



Friðrik Ó. Friðriksson, formaður



Marinó G. Njálsson meðstjórnandi



Innheimtustofnun
sveitarfélaga

Alþingi
Erindi nr. P /38/843
komudagur 29.4.2010

Reykjavík, 28. apríl 2010.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

EFNI: Athugasemdir og ábendingar Innheimtustofnunar sveitarfélaga við Frv. til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (heildarlög), 560. mál

Fyrir hönd Innheimtustofnunar sveitarfélaga (hér eftir og nefnt "IS"), leyfi ég mér að koma að neðangreindum athugasemdum og ábendingum við ofangreint lagafrumvarp til Félags- og tryggingamálanefndar Alþingis.

Þess skal getið hér í upphafi, að ekki hefur verið óskað eftir því við Innheimtustofnun sveitarfélaga að stofnunin veiti umsögn um frumvarp þetta, þó svo að þrjár greinar frumvarpsins snerti stofnunina beint og starfsemi hennar sé víða getið í athugasemdum og umsögn um lagafrumvarpið.

Telur Innheimtustofnun sveitarfélaga sig miklu varða hvernig lög þessi eru úr garði gerð, svo unnt sé að rækja hlutverk stofnunarinnar eins og það er fram sett í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54 frá 1971, með síðari breytingum. Má í þessu sambandi benda á að meginhlutverk stofnunarinnar er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971. Er það einkum ákvæði 24. gr. frumvarpsins um greiðsluaðlögun einstaklinga sem stofnunin gerir athugasemdir við, en það ákvæði gerir beinlínis ráð fyrir niðurfellingu uppsafnaðra krafna IS á hendur meðlagsskyldum aðilum, án þess að stofnunin hafi neitt um það að segja. Slíkt, ef af verður, mun óhjákvæmilega geta komið niður á innheimtuárangri stofnunarinnar og skyldu hennar til að rækja lögbundið hlutverk sitt í þeim efnum.

Í lagafrumvarpi þessu um greiðsluaðlögun einstaklinga er gert ráð fyrir að einstaklingar geti leitað svonefndrar frjálsrar greiðsluaðlögunar eða þvingaðrar greiðsluaðlögunar. Gert er ráð fyrir því í 2. gr. frumvarpsins að greiðsluaðlögunin taki til allra skuldbindinga einstaklings, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í lögnum.

Að því er varðar meðlög og greiðslur þeirra, þá er vikið að þeim kröfum sérstaklega í 12. gr. og 24. gr. frumvarpsins, auk þess sem 18. gr. frumvarpsins snertir framtíðar framfærslu gagnvart börnum þess er óskar greiðsluaðlögunar. Er gert ráð fyrir að undir þá grein falli meðlagsgreiðslur.

Í 12. gr. er fjallað um stöðvun greiðslna á meðan leitað er greiðsluaðlögunar. Í 3. mgr. greinarinnar er tekið af skarið um að greiðslufrestur nái þá ekki til krafna um meðlög eða opinber gjöld sem falla til eftir að heimild til að leita greiðsluaðlögunar hefur verið veitt. Þarna er m.ö.o. gert ráð fyrir að umsækjandi um greiðsluaðlögun fái frest á gjaldföllum eldri meðlagsskuldum sínum, en beri að standa skil á áfallandi meðlögum meðan á umsóknarferlinu stendur. Er því þarna verið að lögfesta sjálfvirknan greiðslufrest á uppsöfnuðum vanskilum meðlaga, e.t.v. margra ára eða áratuga uppsafnaðra skulda.

Í 24. gr. frumvarpsins er vikið m.a. að undantekningum frá þeirri reglu að greiðsluaðlögunin nái til allra skuldbindinga skuldara. Í c- lið greinarinnar segir að meðlag og lífeyrir sem skuldara beri að greiða samkvæmt hjúskapar- eða barnalögum, að undanskilinni uppsafnaðri skuld við hið opinbera vegna meðlags, skuli greiða að fullu.

Að öðru leyti er í frumvarpi þessu ekki vikið að meðlagskröfum eða meðlagsskuldum sérstaklega.

Meðlagskröfur eru í eðli sínu einstakar og hafa nokkra sérstöðu. Þar er um að ræða framfærslueyri með börnum meðlagsgreiðenda sem oft safnast fyrir á löngum tíma, eftir atvikum á tugum ára. Gert er ráð fyrir að meðlag sé greitt með barni mánaðarlega og helst meðlagsskyldan til 18 ára aldurs barnsins og oft bætist síðan við menntunarframlag er unglingurinn stundar nám, frá 18-20 ára aldurs. Margir meðlagsgreiðendur telja sig ekki þurfa að sinna þessari framfærsluskyldu sinni með börnum sínum og safna því fljótlega upp verulegum vanskilum auk dráttarvaxta og útlagðs kostnaðar. Þannig er stór hópur meðlagsgreiðenda sem ekki hefur sýnt neinn greiðsluvilja jafnvel svo árum eða áratugum skiptir. Meðlagsgreiðslur eru hins vegar tryggðar meðlagsmóttakanda mánaðarlega og fær viðtakandi greiðslur hvort sem meðlagsgreiðandi stendur í skilum eður ei. Hér er á ferðinni framfærslukerfi sem er styrkt af sveitarfélögum landsins og því eðlilegt að þau freisti þess að fá þessi framlög í þágu meðlagsgreiðenda greidd til baka úr hendi hins meðlagsskylda aðila. Eru þetta sömu röksemdir og sjónarmið og sett eru fram í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar, til að rökstyðja fulla endurgreiðslu námslána, sem er þar skipað skör hærra en meðlögum að þessu leyti. Hér má og benda á að tekið er mið af tekjum meðlagsgreiðanda þegar ákveðið er hver mánaðarleg greiðsla hans skuli verða skv. greiðslusamþykkt stjórnar IS, þegar beitt er ívilnunum þar.

Þó nokkrir fagaðilar, s.s. lögmenn, hafa komið að máli við lögfræðinga IS og lýst þeim sjónarmiðum sínum að námslán og meðlagskröfur (þ.m.t. eldri meðlagsskuldir) ættu eðli sínu samkvæmt að vera undanskilin frá greiðsluaðlögun. Virðist sem höfundar frumvarps þessa hafi tekið undir þau sjónarmið er námslán varðar, en ekki varðandi uppsafnaðar meðlagsskuldir.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að rökstuðningur fyrir framlagningu frumvarpsins sé að fjöldi einstaklinga standi ekki lengur undir greiðslubyrði lána í kjölfar gjaldeyris- og bankahrunsins haustið 2008. Meðlagskröfur eru ekki lán og falla því ekki undir þau sjónarmið. Meðlög eru framfærslueyrir barna og hið opinbera tryggir að viðtakandi fá í hendur hverju sinni og meðlagsgreiðandi endurgreiði síðan. Að öðrum kosti lendir kostnaður við að framfæra börn meðlagsgreiðenda á sveitarfélögum landsins og þar með útsvarsgreiðendum.

Þá er í athugasemdum við frumvarpið vísað til þess að stærsti hluti fjárskuldbindinga sé verðtryggður eða gengistryggður, sem aukið hafi á skuldir lántakenda. Þar undir falla ekki meðlagskröfur, sem hvorki eru verð- eða gengistryggðar. Uppsafnaðar skuldir meðlagsgreiðenda ættu því ekki að falla undir skuldaaðlögun, enda allt annars eðlis sbr. framanritað.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu Fjármálaráðuneytis um frumvarpið kemur fram í upphafi að frumvarpinu sé ætlað að bæta stöðu þeirra einstaklinga sem lent hafa í greiðsluerfiðleikum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 og auðvelda sem flestum að komast í gegnum þá erfiðleika sem gjaldmiðla- og bankahrunið hafa valdið heimilum landsins. Eins og greinir hér að framan, þá er engan veginn hægt að fella hér undir uppsafnaðar meðlagsskuldir meðlagsgreiðenda, sem jafnvel hafa safnast upp á löngum tíma, árum eða jafnvel áratugum. Slíkt hefur ekkert með efnahagshrun fyrir tæpum tveimur árum að gera og því allsendis óskýlt.

Í núgildandi lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54 frá 1971 eru þegar mjög víðtæk ívilnunarúrræði. Koma þessi úrræði fram í 5. gr. laganna, sbr. og rglg. nr. 491/1996 um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Þessi úrræði hafa verið í lögum um IS frá árinu 1996 og taka á greiðsluerfiðleikum hjá meðlagsgreiðendum sem skapast hafa vegna fjárhagslegra og/eða félagslegra erfiðleika meðlagsgreiðenda. Sem slík hafa þau gefist vel og eru vel nýtt af þeim greiðendum sem lent hafa í þess konar erfiðleikum til skamms eða lengri tíma. T.d. voru 2.057 umsóknir um ívilnanir til afgreiðslu hjá stjórn IS á árinu 2009. Í febrúar 2010 voru alls 2.073 virkir samningar um ívilnanir meðlagsskulda. Stjórn IS afgreiðir í hverjum mánuði ársins 150-245 umsóknir um ívilnanir vegna greiðsluerfiðleika meðlagsgreiðenda. Þessar tölur benda til þess að núverandi úrræði eru að skila tilætluðum árangri og nýtist greiðendum í erfiðleikum vel.


Almennt eru kröfur IS um greiðslu meðlaga ekki afskrifaðar. Á því eru þó undantekningar, einkum er varðar eignalaus dánarbú eðli sínu samkvæmt og síðast en ekki síst á grundvelli ívilnunarúrræða núverandi laga um IS. Þar er gert ráð fyrir að haldi meðlagsgreiðendur greiðslusamning við stjórn IS í 3 ár samfelld hið minnsta, þá opnast fyrir möguleika á að afskrifa höfuðstól skuldar að hluta eða öllu leyti, að fenginni umsókn meðlagsgreiðanda þar um. Í millitíðinni, þ.e. innan þessarra þriggja ára, er oftast en ekki felldir niður dráttarvextir, að hluta eða öllu leyti.

Spurning hlýtur hér að vakna hvort höfundar frumvarps þessa um greiðsluaðlögun einstaklinga hafi hugsað sér að þessi sérákvæði í lögum um IS féllu úr gildi eða að þeim væri beitt samhliða ákvæðum frumvarpsins. Vandséð er að það gangi upp að beita báðum þessum tegundum úrræða samhliða, enda hljóta þau að skarast og einn einstaklingur nyti þá meira hagræðis en annar. Ekki verður séð að við samningu lagafrumvarpsins um greiðsluaðlögun einstaklinga hafi verið leitað eftir upplýsingum um hvernig ívilnunarúrræðum IS er beitt og hvaða reynsla og árangur liggi þar að baki til margra ára. Má í þessu sambandi t.d. benda á að ekki er almennt heimilt skv. nágildandi reglugerð um IS að fella niður dráttarvexti nema einu sinni hjá hverjum meðlagsgreiðanda, að uppfylltum tilteknum skilyrðum um fjárhagslega eða félagslega erfiðleika. Þetta er almennt einnig talið gilda um höfuðstól skuldar samkvæmt afgreiðslureglum stjórnar IS, þ.e. höfuðstóll, að hluta eða öllu leyti, er aldrei felldur niður nema einu sinni hjá hverjum meðlagsskuldara.

Að lokum er rétt að benda á að engin kostnaðargreining hefur farið fram og því ekki séð hvað þessar breytingar muni hafa í för með sér mikinn aukinn kostnað fyrir sveitarfélög landsins, þ.m.t. vegna glataðra afskrifaðra krafna. Innheimta IS tekur nú bæði til áfallandi meðlaga og uppsafnaðra meðlagsskulda.

Virðingarfyllst,

f.h. Innheimtustofnunar sveitarfélaga



Jón Ingvar Pálsson
Forstjóri

Sent:

1. Netfang: nefndasvid@althingi.is
2. Póstsent

Alþingi
nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

7. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun skuldara, 560. mál.

Almennt um efni frumvarpsins.

Íbúðalánasjóður telur jákvætt að fengin sé aðferð til að taka heildstætt á greiðsluvanda einstaklinga. Núgildandi framkvæmd hefur reynst flókin og óaðgengileg. Þó er rétt að benda á að ekki virðist eiga að leggja niður lög sem nú gilda annarsvegar um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna og hinsvegar lög um nauðasamninga til greiðsluaðlögunar. Hér að neðan eru nokkrar athugasemdir.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um stöðvun greiðslna á meðan leitað er greiðsluaðlögunar. Gert er ráð fyrir því að á þessu tímabili sé kröfuhöfum óheimilt að taka við greiðslu. Ekki kemur fram að tilkynna skuli kröfuhöfum sérstaklega um meðferð umsóknar sem þyrfti að vera ef þeir mega ekki innheimta. Síðar í sömu grein er tekið fram að vextir á lánum sem hvíla á fasteign sem skuldari fær að halda skuli þó gjaldfalla í samræmi við samninga þar um. Þetta er óskýrt. Á meðan á meðferð umsóknar stendur liggur ekki fyrir hvort skuldari getur haldið eign, hverjar skuldir standi innan verðmætis eignar og einnig virðist þetta vera í andstöðu við upphafsmálgreinina þ.e. um að óheimilt sé að taka við greiðslu.


Um 14. gr.

Hér er fjallað um sölu eigna sem skuldari getur ekki haldið eftir. Í greininni segir að þær skuli seljast með þeim hætti að sem hæst verð fáiist fyrir þær. Þetta er mjög matskennt og opið orðalag. Ekki er heldur gert ráð fyrir því að kröfuhafar hafi neitt um söluna að segja. Í 5. mgr. greinarinnar segir að sölu eigna lokinni falli niður þau veðréttindi sem ekki fengust greidd af söluandvirðinu. Þetta leiðir til þess að enginn hvati er til þess að reyna að fá „eðlilegt markaðsverð“ fyrir eignina í sölu sem er verulegt hagsmunamál fyrir kröfuhafa.

Um 15. gr.

Hér er gert ráð fyrir því að umsjónarmaður meti verðmæti eigna sem skuldari á að halda eftir. Þarna er gert ráð fyrir að miðað sé við fasteignamat og að kröfuhafi geti á eigin kostnað óskað mats sérfróðra aðila. Heppilegt gæti verið að hafa sambærilegt ákvæði í 14. gr.

Virðingarfyllt,



Einar Jónsson hdl.

Kristjana Benediktsdóttir

To: Hrafn Magnússon
Cc: Arnar Sigurmundsson; Tómas N. Möller; Stefán Auðólfsson
Subject: RE: þingmál til umsagnar

Alþingi
Erindi nr. þ 138/2832
komudagur 11.6.2010

Landssamtök lífeyrissjóða furða sig á því, hversu skammur tími er gefinn af hálfu félags og tryggingamálanefndar til að skila inn umsögnum um jafn viðamikil frumvörp og hér um ræðir. Af þeirri ástæðu eru engin tök á því að koma fram með formlega umsögn af hálfu samtakanna. Hins vegar eru settar fram ábendingar um tiltekin atriði. Það er þó alls ekki tæmandi upptalning af hálfu samtakanna.

Fulltrúar frá Landssamtökum lífeyrissjóða eru samt sem áður reiðubúnir að mæta á fundi nefnarinnar eftir því sem tök eru á og þegar þeir hafa kynnt sér nánar efni frumvarpanna. Rétt þykir að vísa til fyrra umsagna LL varðandi þau þingmál, sem nú eru til afgreiðslu í nefndinni.

Drög að frumvarpi um tímabundið úrræði einstaklinga er eiga tvær fasteignir til heimilisnota.

LL telja að orð megi með skýrari hætti 2. tölulið 3. mgr. 4.gr. að kröfur sem eru umfram 100% veðsetningu færist yfir á þá eign sem skukldari heldu.

Þá hafa LL áður bent á að það geti orkað tvímælis í sumum tilvikum að láta skuldara það eftir að velja hvora eignina hann haldi efir. Vera kann að eðlilegt sé að ætla umsjónarmanni ákveðið svigrúm til að leggja mat á forsendur þess vals til að koma í veg fyrir að gengið sé með óeðlilegum hætti á hagsmuni kröfuhafa.

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluáðlögum fasteignaveðkrafna.

LL gerir athugasemdir við a-lið 5. gr. frumvarpsins þar sem kemur fram að: „*Fastar mánaðargreiðslur mega þó ekki nema lægri fjárhæð en þeirri sem ætla má samkvæmt mati umsjónarmannsins að svari til þeirrar húsaleigu sem skuldara er kleift að greiða og hæfileg getur talist með tilliti til aðstæðna hans.*“ Í þessu sambandi er eðlilegt að miða við hæfilega húsaleigu á almennum markaði líkt og kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. gildandi laga nr. 50/2009. Að öðrum kosti er í raun verið að blanda saman félagslegum úrræðum og úrræðum vegna greiðsluferðleika með óeðlilegum hætti. Sú staða getur því komið upp að skuldari geti búið í fimm ár í fasteign gegn endurgjaldi sem endurspeglar á engan hátt raunkostnað við að búa í viðkomandi eign. Slíkt getur vart talist eðlilegt og felur í raun í sér óeðlilega aðstöðu og eftir atvikum mismunun gagnvart öðrum viðskiptavinum kröfuhafa sem greiða endurgjald fyrir fjármögnun þeirra eigna sem þeir hafa tekið lán fyrir. Í tilviki lífeyrissjóða þá eru sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá lífeyrissjóði sem veitt hefur slíkt lán sem hér um ræðir í raun að greiða niður íbúðakostnað viðkomandi skuldara.

Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.

LL telja fljótt á litið heimildir umboðsmann skuldara til öflunar upplýsinga skv. 3. gr. of viðtækar.. Þó eðlilegt sé að ætla umboðsmanni skuldara allvíðtækar heimildir í þessum efnum verður að telja þær heimildir sem 3. gr. gerir ráð fyrir of opnar og um of háðar huglægu mati. Til að mynda má benda á að þær varða ekki eingöngu upplýsingar um meðferð einstakra mála heldur virðist mögulega mega túlka heimildina þannig að hún nái til starfsemi lánveitanda almennt sem og eftir atvikum samtaka sem viðkomandi lánveitandi kann að eiga aðild að.

Frumvarp til laga um greiðsluáðlögum einstaklinga

Til að ætla kröfuhafa eðlilegt svigrúm til að gæta hagsmuna sinna er eðlilegt að bæta við 3. málslíð, 3. mgr., 13. gr.: „þó ekki skemur en fimm virkum dögum“.

Málgreinin verð því svohljóðandi: „*Skulu veðhafar hafa frest í þessu skyni svo lengi sem boð er skuldbindandi fyrir tilboðsgjafa, þó ekki skemur en fimm virkum dögum.*“

Með þessu er komið í veg fyrir að hægt sé að setja fram tilboð með óeðlilega stuttum fresti sem kynni að gera kröfuhafa illmögulegt að gæta eðlilegra hagsmuna sinna.

Alþingi
Félags- og trygginganefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2010

**Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.
138. löggjafarþing, mál nr. 560.**

Eftirfarandi er umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga sem samtökin hafa fengið til umsagnar frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis.

LL eru fylgjandi samþykkt frumvarpsins enda mikilvægt að setja skýrari reglur í samskiptum kröfuhafa og skuldara. Er í því sambandi m.a. vísað til ákvæða um aðstoð við skuldara vegna umsóknar um greiðsluaðlögun, málsmeðferðarreglur fyrir umsókn um greiðsluaðlögun, ákvæði um umboðsmann skuldara og ákvæði sem tryggja aðkomu kröfuhafa að ferlinu.

Þrátt fyrir að LL telji frumvarpið að meginstefnu til bóta vilja samtökin koma á framværi við félags- og trygginganefnd nokkrum athugasemdum og ábendingum við efni frumvarpsins.

1. LL telja að sú mismunun sem kemur fram í a-lið 1. mgr. 24. gr. frumvarpsins á milli veðtryggðra og óveðtryggðra krafna sé óeðlileg. Það er ekki réttmætt að svipta eiganda veðtryggðra krafna rétti til greiðslna með þeim hætti sem gert er í ákvæðinu til þess að veita kröfuhöfum óveðtryggðra krafna forgang að greiðslum frá skuldar. Þó kann að vera eðlilegt að hliðra til greiðsluskilmálum, t.a.m. með lengingu lánstíma. Í þessu sambandi er bent á að veðtryggðar kröfur einstaklinga eru gjarnar meginhluti skulda þeirra og njóta betri lánakjara en óveðtryggðar kröfur vegna þeirra trygginga sem standa þeim til tryggingar. Þá eru veðtryggðar kröfur í raun oft að meginstefnu til lán til fjármögnunar á íbúðarhúsnæði. Afborgun slíkra lána er því í raun ígildi leigugreiðslna og eðlilegs kostnaðar fjölskyldu vegna heimilishalds. Ekki eru rök til þess að fella niður þann kostnað við rekstur heimilisins um lengri eða skemmri tíma einungis til hagræðis fyrir eigendur óveðtryggðra krafna.
2. Greiðsluaðlögun er í sjálfu sér íþyngjandi úrræði fyrir kröfuhafa sem felur í sér beina og óbeina þvingun að lögum. Því er eðlilegt að mæla fyrir um það að sýnt sé fram á að skuldari hafi fullreynt vægari úrræði áður en hann öðlast rétt til að nýta sér úrræði sem felast í greiðsluaðlögun.
3. Eðlilegt er að reisa tiltekna skorður við heimild skuldara til ráðstöfunar eigna sinna og réttinda sem og heimild til að stofna til nýrra fjárskuldbindinga á meðan á greiðsluaðlögun stendur.
4. Til að auka skilvirkni og jafnræði með aðilum er rétt að mæla fyrir um að þekktum kröfuhöfum verði við upphaf meðferðar umsóknar um greiðsluaðlögun sent afrit af

umsókn skuldara. Slíkt auðveldar kröfuhafa að gæta eðlilegra hagsmuna sinna og að svara skuldara og umboðsmanni hans með upplýstum hætti.

5. Að mati LL orkar það tvímælis að einstaklingur sem hefur mjög takmarkaða eða enga getu til greiðslu afborgana af skuldum eigi rétt til greiðsluaðlögunar. Það er í raun mótsögn í sjálfu sér að ræða um greiðsluaðlögun ef geta til greiðslu skulda er engin. Því er rétt að skoða hvort tilefni sé til að setja takmarkanir í 2. gr. frumvarpsins sem veita leiðbeiningar í þessum efnum.
6. Í 18. gr. frumvarpsins er vikið að forsendum fyrir mati á greiðslugetu skuldara. Þau viðmið eru huglæg og almenn. LL telja að rétt sé að setja skýrari viðmið í þessu sambandi til að tryggja jafnræði og samræmi í framkvæmd. Í þessu sambandi er vakin athygli á því að til að mynda Ráðgjafastofa heimilanna og fjármálafyrirtæki hafa sett fram ákveðin viðmið í þessum efnum.

Virðingarfyllst,
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Hrafn Magnússon,
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 138/2027
komudagur 7.5.2010

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík, 5. maí 2010

EFNI: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, 560. mál.

Neytendasamtökin telja mjög til bóta að lögum um greiðsluaðlögun sé skipað í sérstakan lagabálk eins og lagt er til með ofangreindu frumvarpi, en ekki sem kafla í lög um gjaldþrotaskipti eins og nú er sbr. lög nr. 24/2009. Jafnframt er með þessu frumvarpi bætt úr ýmsum annmörkum sem samtökin töldu vera á lögum nr. 24/2009, sbr. umsögn samtakanna dags. 11. febrúar 2009 við frumvarp það sem varð að þeim lögum.

Neytendasamtökin telja greiðsluaðlögun einstaklinga afar mikilvægt úrræði enda um gamalt baráttumál samtakanna að ræða. Hins vegar sé greiðsluaðlögun neyðarúrræði þeirra sem ekki geti staðið við skuldbindingar sínar, og eðlilegt sé að ganga út frá því að almennt vilji fólk greiða skuldir sínar sé þess nokkur kostur. Í ljósi þess telja samtökin brýnt að greiðsluaðlögun geri ráð fyrir því að skuldari standi skil á skuldbindingum sínum eins og honum er frekast unnt, t.a.m. með hlutfallslegri lækkun krafna sbr. 3. gr. frumvarpsins, fremur en að alger eftirgjöf sé meginreglan. Með því telja samtökin að jafnræðis verði betur gætt meðal heimila í landinu, en gera má ráð fyrir því, miðað við núverandi efnahagsástand að margir komi til með að sækja um greiðsluaðlögun og að talsverður kostnaður hljóti af því fyrir kröfuhafa, sem væntanlega veltist svo að einhverju marki yfir á neytendur í heild.

Að þessu sögðu gera samtökin eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Um 7. gr.: Í 2. mgr. 7. gr. kemur fram að umboðsmanni skuldara sé heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef samþykkt umsóknar væri óhæfileg. Í a-, b-, c-, d-, og e-lið 2. mgr. 7. gr. er svo að finna atriði sem líta skal til við matið, t.a.m. ef skuldari hefur á áætlisverðan hátt stofnað til óhóflegra skuldbindinga, eða látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var unnt.


Neytendasamtökin eru þeirrar skoðunar að 2. mgr. 7. gr. bjóði upp á of mikið mat og geti leitt til þess að jafnræðis meðal þeirra sem sækjast eftir greiðsluaðlögun raskist. Að mati samtakanna er afar brýnt að skýrt sé í lögum hvenær réttur til greiðsluaðlögunar sé til staðar og því væri æskilegra að löggjafinn tæki af skarið varðandi það hvenær synja skuli um heimild til greiðsluaðlögunar.

Um 10. gr.: Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að umboðsmaður skuldara skipi umsjónarmann með greiðsluaðlögun. Samkvæmt greininni eru einu skilyrðin þau að viðkomandi hafi lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði, og því má segja að í raun komi allir lögmenn og lögfræðingar landsins til greina í starf umsjónarmanns, kjósi umboðsmaður að leita fanga utan embættis síns. Samkvæmt frumvarpinu hefur umsjónarmaður svo afar víðtækar heimildir, m.a. við mat á því hvort skuldara skuli gert að selja eignir, hversu hátt hlutfall skulda skuli greitt o.s.frv. Með vísan til þessa, og til að gætt sé jafnræðis meðal þeirra sem óska eftir greiðsluaðlögun þar eð mörg ákvæði frumvarpsins eru nokkuð matskennd, telja Neytendasamtökin brýnt að settar verði einhvers konar verklagsreglur fyrir þá sem taka að sér starf umsjónarmanns.

Um 14. gr.: Í 14. gr. frumvarpsins er fjallað um hugsanlega sölu eigna skuldara. Í VIII. kafla athugasemda við frumvarpið sem og athugasemdum við greinina sjálfa er svo fjallað nánar um inntak þessa ákvæðis. Má þar ráða af öllum ummælum að heimild til sölu eigna er afar matskennd, þannig skal m.a. líta til markaðsaðstæðna, þess hvort líklegt sé að sala eignar dragist á langinn, hugsanlegrar röskunar á högum barna við búferlaflutninga, áhrifa á skuldara og fjölskyldu hans af því að flytja milli staða og þess hvort bersýnilega sé ósanngjarnt að skuldari haldi eftir tilteknum eignum. Jafnframt er tekið fram að sala eigna sem eru veðsettar að fullu eða yfirveðsettar skuli alla jafna ekki koma til álita. Öll eru þessi skilyrði afar matskennd, og reikna má með að ákvarðanir um sölu á eignum skv. 14. gr. verði æði misjafnar enda háðar mati hvers og eins umsjónarmanns.

Ljóst er að sala eigna er íþyngjandi fyrir skuldara og því telja Neytendasamtökin afar brýnt að settar séu skýrari reglur um það hvenær slík sala skuli fara fram, enda vandséð hvernig jafnræðis meðal þeirra sem æskja greiðsluaðlögunar verður gætt að öðrum kosti.

Að öðru leyti gera Neytendasamtökin ekki athugasemdir við frumvarpið og hvetja eindregið til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/2837
komudagur 11.6.2010

CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NS
NEYTENDASAMTÖKIN

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2010

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Neytendasamtökin telja mjög til bóta að lögum um greiðsluaðlögun sé skipað í sérstakan lagabálk eins og lagt er til með ofangreindu frumvarpi, en ekki sem kafla í lög um gjaldþrotaskipti eins og nú er sbr. lög nr. 24/2009. Jafnframt er með þessu frumvarpi bætt úr ýmsum annmörkum sem samtökin töldu vera á lögum nr. 24/2009, sbr. umsögn samtakanna dags. 11. febrúar 2009 við frumvarp það sem varð að þeim lögum.

Neytendasamtökin telja greiðsluaðlögun einstaklinga afar mikilvægt úrræði enda um gamalt baráttumál samtakanna að ræða. Hins vegar sé greiðsluaðlögun neyðarúrræði þeirra sem ekki geti staðið við skuldbindingar sínar, og eðlilegt sé að ganga út frá því að almennt vilji fólk greiða skuldir sínar sé þess nokkur kostur. Í ljósi þess telja samtökin brýnt að greiðsluaðlögun geri ráð fyrir því að skuldari standi skil á skuldbindingum sínum eins og honum er frekast unnt, t.a.m. með hlutfallslegri lækkun krafna sbr. 3. gr. frumvarpsins, fremur en að alger eftirgjöf sé meginreglan. Með því telja samtökin að jafnræðis verði betur gætt meðal heimila í landinu, en gera má ráð fyrir því, miðað við núverandi efnahagsástand að margir komi til með að sækja um greiðsluaðlögun og að talsverður kostnaður hljóti af því fyrir kröfuhafa, sem væntanlega veltist svo að einhverju marki yfir á neytendur í heild.

Að þessu sögðu gera samtökin eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Um 6. gr.: Í 2. mgr. 6. gr. kemur fram að umboðsmanni skuldara sé heimilt að synja um heimild til greiðsluaðlögunar ef samþykkt umsóknar væri óhæfileg. Í a-, b-, c-, d-, e-, f- og g-lið 2. mgr. 6. gr. er svo að finna atriði sem líta skal til við matið, t.a.m. ef skuldari hefur á ámælisverðan hátt stofnað til óhóflegra skuldbindinga, eða látið undir höfuð leggjast að standa við skuldbindingar sínar eftir því sem honum var unnt.

Neytendasamtökin eru þeirrar skoðunar að 2. mgr. 6. gr. bjóði upp á of mikið mat og geti leitt til þess að jafnræðis meðal þeirra sem sækjast eftir greiðsluaðlögun raskist. Að mati samtakanna er afar brýnt að skýrt sé í lögum hvenær réttur til greiðsluaðlögunar

sé til staðar og því væri æskilegra að löggjafinn tæki af skarið varðandi það hvenær synja skuli um heimild til greiðsluaðlögunar.


Um 13. gr.: Í 13. gr. frumvarpsins er fjallað um hugsanlega sölu eigna skuldara. Í VIII. kafla athugasemda við frumvarpið sem og athugasemdum við greinina sjálfa er svo fjallað nánar um inntak þessa ákvæðis. Má þar ráða af öllum ummælum að heimild til sölu eigna er afar matskennd, þannig skal m.a. líta til markaðsaðstæðna, þess hvort líklegt sé að sala eignar dragist á langinn, hugsanlegrar röskunar á högum barna við búferlaflutninga, áhrifa á skuldara og fjölskyldu hans af því að flytja milli staða og þess hvort ósanngjarnt sé að skuldari haldi eftir tilteknum eignum. Jafnframt er tekið fram að sala eigna sem eru veðsettar að fullu eða yfirveðsettar skuli alla jafna ekki koma til álita. Öll eru þessi skilyrði afar matskennd, og reikna má með að ákvarðanir um sölu á eignum skv. 13. gr. verði æði misjafnar enda háðar mati hvers og eins umsjónarmanns.

Ljóst er að sala eigna er íþyngjandi fyrir skuldara og því telja Neytendasamtökin afar brýnt að settar séu skýrari reglur um það hvenær slík sala skuli fara fram, enda vandséð hvernig jafnræðis meðal þeirra sem æskja greiðsluaðlögunar verður gætt að öðrum kosti.


Að öðru leyti gera Neytendasamtökin ekki athugasemdir við frumvarpið og hvetja eindregið til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna,


Jóhannes Gunnarsson formaður

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir,
skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 4. maí 2010
Tilvísun: 2010040389AT/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 21. apríl 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (560. mál á 138. löggjafarþingi). Er meginmarkmið frumvarpsins að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu, þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð. Stofnunin hefur kynnt sér frumvarpið, en tekið skal fram að athugun hennar byggist eingöngu á sjónarmiðum sem liggja að baki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, þ.e. um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

Persónuvernd vill einkum benda á tvennt:

I.

Að skýrt komi fram hvort líta beri á greiðsluaðlögun einstaklinga sem réttarúræði sem flokka megi með þeim sem fjárhagsupplýsingastofur safna upplýsingum um og selja, sbr. reglugerð nr. 246/2001 og 45. gr. laga nr. 77/2000. Í dag selja slíkar stofur t.d. upplýsingar um árangurslaus fjárnám og nauðungarsölur. M.ö.o. þarf að vera skýrt hvort einstaklingar í greiðsluaðlögun eigi að fara á svonefndar vanskilaskrár.

II.

Þá leggur stofnunin til að í 2. mgr. 6. gr. bætist við nýr málslíður. Það yrði 2. málslíður og myndi hljóða svo:

„Komi til þess skal veita skuldara fræðslu í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 77/2000.“

III.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f.h. forstjóra

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Alma Tryggvadóttir'.

Alma Tryggvadóttir
lögfræðingur

Athugasemdir við frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga

1. 4. mgr. 16. gr. – framfærsluviðmið sem umboðsmaður skuldara setur

Þetta framfærsluviðmið verður væntanlega ekki ennþá orðið til þegar umboðsmaður tekur til starfa, verður þá miðað við núverandi neysluviðmið til bráðabirgða, eða er eitthvað í vinnslu.

2. 3. gr.

- a. Væri ekki réttara að hún hétí bara „*Kröfur sem greiðsluaðlögun tekur ekki til*“
- b. 4. mgr. 3. gr. Þar er fjallað um eftirgjöf einstakra krafna, ekkert er í frumvarpinu talað um nánari útfærslu á þessu, hvaða skilyrði þarf slík krafa að uppfylla... hvernig er hægt að réttlæta slíka eftirgjöf á sama tíma og gætt er jafnræðis kröfuhafa. – er verið að ræða um samningskröfur vs. Veðkröfur kannski ?

Hvernig er þá með þá sem eru í dag með samþykktu nauðasamninga skv. gildandi lögum, þeir hafa þá leitað í lakara úrræði þar sem ekki endilega er kveðið á um eftirgjöf skulda í lok samningstíma- þeir hafa ekki rétt skv. frumvarpinu til þess að láta endurskoða sinn samning, né hafa þeir kost á því að sækja aftur um greiðsluaðlögun

- c. f. Liður um vangoldinn virðisaukaskatt, á þá að miða við að vangoldinn virðisauki sé greiddur framhjá samningnum eða verða einhverjar heimildir til að fresta slíkum greiðslum. Vangoldinn virðisaukaskattur er skv. gildandi lögum hluti af heildar pakkanum, þ.e. samningskröfum. Þannig er með þessu ákvæði verið að styrkja stöðu hins opinbera sem kröfuhafa þ.e. þegar synjunarástæða 2. mgr. 6. gr. d. á ekki við.
- i. Í þessu samhengi mætti einnig skoða þær niðurfellingar sem gert er ráð fyrir í c. lið sbr. 6. mgr. 12. gr. 1. nr. 50/2009, og 2. mgr. 7. gr. í drögum að frumvarpi um tímabundið úrræði fyrir einstaklinga er eiga tvær eignir

3. Í almennum athugasemdum á bls. 13 er talað um að, „Að loknu greiðsluaðlögunartímabili skulu samningskröfur afskrifaðar, en áfram skal greitt af veðkröfum sem rúmast innan matsvirðis eignar sem þær hvíla á“

Þetta er í ósamræmi við 4. mgr. 3. gr. þar sem fjallað er um hvað má kveða á um með greiðsluaðlögun.

Hvað varðar eftirgjöf skulda þá þarf væntanlega að vera samræmi í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga og svo X. kafla gbl. um nauðasamning til greiðsluaðlögunar þ.e. kveða á um þess almennu reglu um eftirgjöf þar.

4. e-liður 6. gr.

- a. Þarf ekki að kveða á um árafjölda líkt og gert er í gbl. Í dag um 3 ár. Sbr. 2. tl. 38. gr.
 - b. Um sérstakar aðstæður. Hvernig væri þá með einstaklinga sem eru með nauðasamning skv. gildandi lögum og lenda í því að missa atvinnu.... ? Það þarf að taka á þeim vanda líka.
5. Í kafla um breytingar á öðrum lögum er fjallað um breytingu á 63.gr. b. gbl., þar er lagt til að reglur x. kafla laganna gildi um nauðasamning til greiðsluaðlögunar, að frátalinni 3. mgr. 60. gr., þar er væntanlega verið að fjalla um 4. mgr. ? eins og staðfest er á bls. 38 í athugasemdum um ákvæðið.

Athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna

1. Í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/2009 er gerð krafa um að umsækjandi hafi lögheimili í þeirri fasteign sem greiðsluaðlögun tekur til.
Í 2. gr. er fjallað um að þrátt fyrir ákv. 2. mgr. Geti greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna tekið til fasteignar skuldara þótt hann haldi þar ekki heimili, enda þurfi hann tímabundið að sækja nám eða vinnu fjarri heimili. Í athugasemdum er fjallað ítarlega um að tilgangur þessa ákvæðis sé að rýmka um lögheimilisskilyrði. Þetta þarf að skýra.
2. Í 2. Gr. frumvarpsins má sjá að skilyrði um „ákveðna skuld“ hefur verið tekið út, sem er jákvætt og víkkar þá gildissvið laganna til krafna sem tryggðar eru með tryggingarbréfum. – Hver er útfærslan á þessu? Í tímabundinni greiðsluaðlögun er ekki gert ráð fyrir innköllun krafna, hvenær á þá kröfuhafi að taka afstöðu og með hvaða hætti? - ætti þá að gera ráð fyrir að það fari fram innköllun í ákv. Tilfellum? Sbr. 4. mgr. 4. gr.

Athugasemdir við frumvarp til laga um tímabundið úrræði einstaklinga er eiga tvær fasteignir til heimilisnota

1. Í frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er gert ráð fyrir að lögheimilisskilyrði sé felld út sbr. breyting á 63. gr. a. laga um gjaldþrotaskipti (4. mgr.) Á þetta skilyrði enn að gilda varðandi einstaklinga sem nýta sér tímabundið úrræði vegna tveggja eigna og þeirra sem óska greiðsluaðlögunar vegna fasteignaveðkrafna ? Er þá ekki ennþá verið að útiloka ákveðinn hóp einstaklinga?



Alþingi
Erindi nr. þ 138/2029
komudagur 7.5.2010

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (560. mál)

Meginbreytingin sem lögð er til frá gildandi lögum er að úrræðið greiðsluaðlögun einstaklinga verður heilsteyptara og málsmeðferð samfelldari. Einnig er úrræðið tekið frá gjaldþrotaskiptaréttinum og í raun gert að félagslegu úrræði. Frumvarpið er byggt á norskri löggjöf ("gjeldsordning"). Það er einnig mikilvægt að byggja á þeirri reynslu sem þegar er komin varðandi úrræðið á Íslandi. Hér er um að ræða að ein lög um greiðsluaðlögun gildi jafnt um veðkröfur sem samningskröfur. Meginmarkmiðið er að einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum sé gert kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á fyrirkomulagi fjármála sem þeir ráði við. Lagt er til að málaflokkurinn flytjist yfir til félags- og tryggingamálaráðuneytis og er það eðlilegt þar sem um félagslegt úrræði verður að ræða.

Jákvæð breyting er að ekki sé sett skilyrði um lögheimili á Íslandi, en námsmenn og einstaklingar sem hafa leitað vinnu erlendis hafa átt í erfiðleikum með að leita eftir greiðsluaðlögun. Einnig er jákvætt að skilyrði að atvinnurekstri þurfi ekki að vera hætt, en áfram er skilyrði að lítill hluti af heildarskuldum stafi frá atvinnurekstri.

Frumvarp þetta tengist frumvarpi til laga um umboðsmann skuldara og er eitt af meginverkefnum hans að sjá um framkvæmd greiðsluaðlögunar, sbr. c. lið 1. gr. frumvarpsins. Sú spurning vaknar hvort umboðsmaður geti í raun séð um öll þessi verkefni auk þess að gæta hagsmuna skuldara. Annað atriði er að umboðsmaður aðstoðar við gerð umsóknar um greiðsluaðlögun og tekur síðan ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar. Reyndar er kæruleið til félags- og tryggingamálaráðuneytis ef umsókn er synjað. Þetta er atriði sem Ráðgjafarstofa telur að þurfi að fara yfir og meta. Varðandi skipun umsjónarmanna og hæfisskilyrði að þeir hafi lokið embættisprófi eða meistaraþrófi í lögfræði þá getur það reynst erfitt og útilokar ýmsa starfsmenn embættisins sem hafa aðra menntun á háskólastigi sem gæti nýst. Spurning vaknar einnig um ábyrgð umsjónarmanna og hvort ekki þurfi að vera skilyrði um starfsábyrgðartryggingu ef leitað er umsjónarmanna utan embættisins. Það liggur fyrir að miðað við málafjölda og umfangsmikil störf umsjónarmanna að gera þurfi þjónustusamninga við umsjónarmenn utan embættis umboðsmanns skuldara. Eins og kemur fram í frumvarpinu eru störf umsjónarmanns mjög viðamikil og mikilvægt að þeir vinni eftir fastmótuðum reglum og

verkferlum þannig að samræmis sé gætt í málsmeðferð. Hann hefur einnig mikið vald og mikilvægt er að skuldari upplifi hann sem hlutlausan aðila sem finni raunhæfa og sanngjarna lausn fyrir hann til að hann komist upp úr skuldafeninu.

Það sem er jákvætt við að gera úrræðið heilsteypara er að meira samræmi ætti að vera í meðferð og úrvinnslu greiðsluaðlögunarmála. Lagt er til að einn héraðsdómstóll fari með öll málín og er það Héraðsdómur Reykjavíkur. Mikilvægt er að hann sé vel undirbúinn fyrir þann málafjölda enda er tímaramminn samkvæmt frumvarpinu knappur. Það er einnig athugunarvert hvort þurfi að hafa tímafresti opnari þar sem það liggur fyrir að mikil málafjöldi bíður í dag og margir sem biða eftir úrræðinu. Það verður að vera nægur mannaflí og allir verkferlar tilbúnir til að unnt sé að láta þetta ganga vel fyrir sig. Þetta er ákveðin þróunarvinna sem mikilvægt er að hefja sem allra fyrst. Sú reynsla sem Ráðgjafarstofa hefur af greiðsluaðlögunarmálum er sú að þau krefjast mikillar vinnu og aðstoðar við skuldara. Greinargerð, öflun gagna, viðtöl við umsækjendur er mikil vinna sem þarf að vanda vel til. Að öðrum kosti koma málín til baka eða fara jafnvel til Hæstaréttar með tilheyrandi kostnaði. Það er athugandi hvort í frumvarpi ætti að vera orðalag “eins fljótt og auðið er,, t.d. varðandi ákvörðun um samþykki/synjun.

Hugmyndin um frjálsa greiðsluaðlögun er í raun það sem Ráðgjafarstofan er búin að starfa að í rúm 14 ár. Þetta er úrræði sem til lengri tíma litið verður vonandi hvati til að fleiri fari þar í gegn en í þvingaða greiðsluaðlögun. Sú reynsla hefur verið í Noregi.

Það sem skortir í dag varðandi úrræðið eru neysluviðmið sem miða þarf við, en fréttir hafa borist af því að verið sé að vinna að því í dag. Ef einhvern tímann hefur verið þörf fyrir neysluviðmið er það í dag þannig að úrræðið sé raunhæft og að einstaklingurinn geti staðið við samninginn. Að öðrum kosti er þetta ekki að virka sem skyldi.

Jákvæð breyting er í frumvarpinu að tímabil greiðsluaðlögunar sé ákveðið og einnig að heimilt sé að breyta greiðsluaðlögun á tímabilinu bæði að kröfu skuldara og kröfuhafa.

Það verður að hafa í huga að mörg greiðsluaðlögunarmál bíða afgreiðslu í dag. Hjá Ráðgjafarstofu eru í byrjun maí um 250 mál sem verið er aðstoða einstaklinga við gerð umsóknar um greiðsluaðlögun. Það þarf að taka ákvörðun um hvort þessum einstaklingum gefst kostur á að reyna frjálsa greiðsluaðlögun. Einnig liggur fyrir að fjöldi einstaklinga bíður eftir úrræðinu, en mikið er spurst fyrir um það hjá Ráðgjafarstofu.

Eins og fram hefur komið er meginmarkmiðið að styrkja stöðu skuldarans, allt greiðsluaðlögunarferlið einfaldað, málsmeðferð á að vera hraðari og komið á samræmi í meðferð málanna. Til að svo megi verða þarf góðan undirbúning fyrir starfsmenn, reglur og verkferlar þurfa að liggja fyrir þannig að þetta gangi eins hratt fyrir sig og unnt er.

Í frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga eru ákveðnir tímafrestir gefnir við vinnslu greiðsluaðlögunarmála. Fyrirséð er að fjöldi mála og álag verður mikið þegar nýtt embætti hefur störf. Hið nýja embætti umboðsmanns skuldara mun m.a. sjá í heild um greiðsluaðlögunarferlið.

Er lagt til að ákveðnir frestir verði aðeins til viðmiðunar fyrst um sinn en að málshraðaregla stjórnarsýslulaga gildi almennt. Málshraðaregla stjórnarsýslulaga gerir það að verkum að taka skuli ákvarðanir eins fljótt og unnt er og veitir svigrúm til að aðlaga framkvæmd að þeim tíma sem málin koma til með að taka.

Eftirfarandi eru athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins (ekki tæmandi)

Aths. við 1. gr. frumvarpsins

Markmið laganna

Jákvætt en er þrenging frá fyrri lagasetningu þar sem markmiðið var að veita skuldara færi á að endurskipuleggja fjármál sín í þeim tilgangi að forðast gjaldþrot.

Kanna þarf hvort fram þyrfti að koma einhver skilgreining á því í athugasemdum við frumvarp hvenær gagnaöflun telst lokið, þ.e. umsókn er fullbúin.

Aths. við 2. gr. frumvarpsins, sbr. 15. og 24. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að greiðsluaðlögun skuli ná til allra fjárskuldbindinga skuldara, nema um annað sé sérstaklega kveðið á í frumvarpinu. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hugtökin samningskröfur og veðkröfur miði við skilgreiningar 28. gr. og 1. mgr. 29. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, auk þess sem síðar er gert ráð fyrir mismunandi meðferð á veðkröfum og samningskröfum í greiðsluaðlögun. Um þá meðferð segir m.a. í athugasemdum um 24. gr. frumvarpsins að lögin heimili að á greiðsluaðlögunartímabili sé greitt hlutfallslega minna af veðkröfum en öðrum kröfum þar sem veðkröfur séu oftar en ekki stærstu kröfur á hendur skuldurum. Í dag er algengt að lánastofnanir tryggi viðskipti sín við skuldara með tryggingarbréfum með allsherjarveði. Tryggingarbréf með allsherjarveði taka til allra skuldbindinga og ábyrgða skuldara hjá viðkomandi lánastofnun og tryggja með veði í fasteign skuldara að ákveðinni upphæð. Af þessu leiðir að kröfur, s.s. skuldabréf, yfirdráttur og kreditkortaskuldir geta fallið undir hugtakið veðkröfur. Í ljósi þessa er mælt til þess að löggjafinn taki skýra afstöðu til krafna sem tryggðar eru með tryggingarbréfi í veði fasteignar.

Einnig kemur fram í 2. mgr. „á næstu árum“ – það telst of þröngt (a.m.k. 2 ár). Ætti að vera einfaldlega um fyrirsjáanlega framtíð sem skýrist svo til samræmis við markmið laganna. Einnig kemur fram í 3. mgr. „lítill hluti skulda“. Þarna ráða dómstólar hvað telst lítill hluti og því er spurning um að vísa til dóma sem fallið hafa eða að fram komi að ákvarða eigi þennan hluta upp á nýtt.

Aths. við 3. gr. frumvarpsins

Jákvætt að bæta við skilmálabreytingum varðandi hvað megi kveða á um greiðsluaðlögun.

Aths. við 5. gr. frumvarpsins

Það vantar að kveða á um skyldu skuldara til þess að skila inn greinargerð og að sú skylda hvíli á honum. Við meðferð málsins er þetta mjög mikilvægt til að upplýsa um skuldir og af hverju til þeirra var stofnað. Einnig á að koma þar fram ýmsar upplýsingar um félagslegar aðstæður.

Aths. við 8. gr. frumvarpsins

Í 1. mgr. tvær vikur er stuttur tími. Það er spurning hvort þetta þyrfti ekki að taka mið af hverju máli fyrir sig. Spurning hvort ekki mætti útfæra í verklagsreglum eða reglugerð ráðherra. Telja verður að það sé skynsamlegt að hafa frekar almennt ákvæði um málshraða til að þetta sé raunhæft miðað við það álag sem er fyrir séð. Jafnvel að ráðherra skuli setja ákvæði í reglugerð eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna.

Í 3. mgr. þarf að tryggja að skuldari geti dregið umsókn sína til baka.

Aths. um f-lið. 7. gr. frumvarpsins.

Í athugasemdum greinargerðar um f-lið, 7. gr. frumvarpsins segir að ef skuldari hafi áður fengið samþykktu greiðsluaðlögun samkvæmt þessum lögum þá geti það komið í veg fyrir að greiðsluaðlögun verði heimiluð. Af því má leiða að skuldari sem hefur fengið samþykktan nauðasamning til greiðsluaðlögunar samkvæmt X. kafla a. gjaldprotalaga getur sótt um greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga ef nauðasamningurinn er vanefndur án tillits til ástæðna fyrir vanefnd. Lagt er til að löggjafinn kveði á um það við hvaða skilyrði skuldari getur sótt um greiðsluaðlögun einstaklinga ef hann hefur fengið staðfestann nauðasamning til greiðsluaðlögunar samkvæmt gjaldprotalögum.

Aths. við 10. gr. frumvarpsins

Til umhugsunar varðandi umsjónarmenn:

Er umsjónarmaður að taka stjórnvaldsákvarðanir? Kanna þarf hvernig staðið verði að

þjónustusamningum við umsjónarmenn. Hæfi þeirra? Kanna þarf hvort t.d. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins geti átt við.

Aths. við 17. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er lagt til að greiðsluaðlögun verði tvíþætt. Fyrst verði reynd frjáls greiðsluaðlögun en þvinguð greiðsluaðlögun ef samningar nást ekki við kröfuhafa. Mikilvæg forsenda greiðsluaðlögunar er raunhæft og viðurkennt neysluviðmið. Í athugasemdum um 17. gr. frumvarpsins segir m.a. að umsjónarmaður geti tekið mið af neysluviðmiði Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Vitað er til þess að lánastofnanir bæti um 30% álagi á neysluviðmið það sem Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur beitt við afgreiðslu mála. Hætt er við því að ágreiningur rísi um það neysluviðmið sem leggja skuli til grundvallar umsóknar skuldara um greiðsluaðlögun.

Aths. við 38. gr. frumvarpsins

Í 38. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á orðalagi 3. mgr. 9. gr. laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn. Í dómum Héraðsdóms Suðurlands nr. E-1051/2009 og E-1052/2009 frá 13. apríl 2010 var komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði 3. mgr. 9. gr., sbr. 12. gr., laga um ábyrgðarmenn yrði ekki beitt um kröfur kröfuhafa gagnvart ábyrgðarmönnum þar sem um kröfuréttindi væru að ræða sem nytu verndar eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar og óheimilt væri að skerða þau án bóta með afturvirkri og íþyngjandi löggjöf. Ríkir réttaróvissa um það hvort að 3. mgr. 9. gr. laga um ábyrgðarmenn standist stjórnarskrá.

Hér er tæpt á því helsta en áskilinn er réttur til að koma að frekari athugasemdum ef svo ber undir.

Virðingarfyllst,

f.h. Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna

Ásta S. Helgadóttir

**Fundur Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna,
kl. 8:30-10:00 - 6. maí 2010**

Mætt: Böðvar Héðinsson, Ásta S. Helgadóttir, Gísli Jafetsson, Gylfi Örn Guðmundsson, Hildur Kristín Friðleifsdóttir, Stella K. Viðisdóttir og Margrét Erlendsdóttir sem skrifar fundargerð.

Frumvarp um greiðsluaðlögun og frv. um umboðsmann skuldara

Rætt um hlutverk og verkefni umboðsmanns skuldara skv. frumvarpinu. ÁSH ræddi ýmis atriði sem hún telur að þurfi að skýra við afgreiðslu þess. Búið er að stofna undirbúningshóp til að undirbúa stofnun umboðsmanns skuldara á grunni Ráðgjafarstofu.

Samþykkt eftirfarandi bókun:

„Framkvæmdastjórn Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna lýsir áhyggjum af þeim breytingum sem kveðið er um í frv. til laga um umboðsmann skuldara og varða núverandi verkefni og stöðu Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Lítur framkvæmdastjórnin einkum til hlutlausrar ráðgjafar á hennar vegum og þess samstarfs sem byggt hefur verið á til fjölda ára sem gæti verið varpað fyrir róða með setningu laga um umboðsmann skuldara”



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Erindi nr. *B 138/2826*
komudagur *11.6.2010*

Alþingi
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. júní 2010

**Efni: Frumvarp til laga um greiðsluáðlögun einstaklinga - 560. mál.
Frumvarp til breytinga á lögum nr. 52/2009 um tímabundna áðlögun
fasteignaveðkrafna – 561. mál.
Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara – 562. mál.**

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur borist beiðni nefndasviðs Alþingis, dags. 10. júní 2010, um umsögn varðandi ofangreind frumvörp.
Af hálfu Velferðarsviðs eru ekki gerðar athugasemdir við frumvörpin.

Virðingarfyllst,
f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Helga Jóna Benediktsdóttir
Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfr.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Alþingi
Erindi nr. *p* 138/1954
komudagur 5.5.2010

Alþingi- Nefndasvið

150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2010

Efni: Frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.
Lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010. Þskj. 950 — 560. mál.

Velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur borist beiðni nefndasviðs Alþingis, dags. 21. apríl 2010, um umsögn varðandi ofangreint frumvarp.

Af hálfu Velferðarsviðs eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Helga Jóna Benediktsdóttir, lögfr.

Alþingi
Erindi nr. P 138/2827
komudagur 11.6.2010

-----Original Message-----

From: bboga@simnet.is [mailto:bboga@simnet.is]

Sent: 10. júní 2010 17:44

To: Eiríkur Áki Eggertsson

Cc: asa

Subject: Greiðsluaðlögun

Sæll Eiríkur

Því miður getur fulltrúi réttarfarsnefndar ekki mætt á fund þingnefndar á morgun. Kemur þá bæði til að formaður nefndarinnar og undirritaður, sem helst hafa haft með greiðsluaðlögunarmál að gera, erum uppteknir á þessum tíma. Einnig er þessi fyrirvari með öllu ófullnægjandi til að fara yfir viðamikil frumvörp í því horfi sem þau liggja fyrir.

Af gefnu tilefni skal tekið fram að réttarfarsnefnd hafði komið á framfæri fjölda skriflegra athugasemda við frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (þskj. 560) auk munnlegra ábendinga við frumvarp til laga um umboðsmann skuldara (þskj. nr. 562).

Eftir að réttarfarsnefnd kom þessum athugasemdum á framfæri hafa verið tekin saman drög að nýju frumvarpi til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga og verður ekki betur séð en þar hafi verið gerðar frekari breytingar, en um þær hefur nefndin ekki fjallað. Einnig er álitamál hvort það sé í verkahring nefndarinnar að fjalla um sum atriði, svo sem hvort tillögur, eins og þær liggja nú fyrir, samrýmast stjórnarskrá. Ekki þarf að áréttta mikilvægi þess að því sé gefinn rækilegur gaumur.

Ég vænti þess að þú komir þessu á framfæri við þingnefndina.

Virðingarfyllt
Benedikt Bogason

From: Guðrún J. Jónsdóttir [mailto:guðrun.j.jonsdottir@rsk.is]

Sent: 12. maí 2010 10:41

To: Hildur Eva Sigurðardóttir

Subject: Í framhaldi af þingnefndarfundi þann 11. maí 2010 vegna þingmáls nr. 560.

Sæl Hildur Eva.

Til viðbótar við umsögn embættis ríkisskattstjóra dags. 28. apríl 2010 vegna þingmáls 560, og í kjölfra þingnefndarfundar þann 11. maí 2010 vegna sama þingmáls vill ríkisskattstjóri koma eftirfarandi á framfæri við nefndarmenn:

Ríkisskattstjóra þykir rétt í framhaldi af fundi í félags- og tryggingamálanefnd Alþingis hinn 11. maí 2010, þar sem m.a. var til umræðu frumvarp til laga um greiðsluáðlögun einstaklinga, sbr. 560. mál, að benda á að samkvæmt núgildandi ákvæði 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, myndar eftirgjöf skulda í tengslum við nauðasamninga til greiðsluáðlögunar samkvæmt X. kafla a í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, ekki skattskyldar tekjur í hendi einstaklings utan rekstrar.

Í umsögn ríkisskattstjóra um greint frumvarp kemur fram að verði það að lögum falli niður X. kafli a laga nr. 21/1991 og telji embættið rétt að þá verði vísað til laga um greiðsluáðlögun einstaklinga í 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003. Er enda gengið út frá því að vilji löggjafans standi ekki til neinna breytinga að því er þetta varðar og með þessu móti yrði alveg ótvírætt að eftirgjöf skulda í tengslum við greiðsluáðlögun einstaklinga myndaði ekki skattstofn.

Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi er í 4. mgr. 24. gr. m.a. gert ráð fyrir að kveðið sé á um að sá hluti skulda sem felldur sé niður samkvæmt greiðsluáðlögun myndi ekki skattstofn. Ríkisskattstjóri vill fyrir það fyrsta taka fram að með öllu óeðlilegt er að kveða á um slíkt annars staðar en í lögum um tekjuskatt. Í annan stað er ákvæði þetta með öllu óþarft að því er varðar skuldir einstaklinga utan rekstrar, sbr. það sem fram er komið um núgildandi 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, og nauðsynlegar breytingar á því ákvæði verði umrætt frumvarp að lögum, svo sem bent er á í umsögn ríkisskattstjóra, dags. 28. apríl 2010.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það taki að einhverju óskilgreindu leyti til skulda sem myndast hafa í einstaklingsrekstri með ótakmarkaðri ábyrgð rekstraraðila. Um eftirgjöf rekstrarskulda gildir að hún telst ætíð til skattskyldra tekna. Afar óheppilegt er að frumvarpið taki bæði til skulda einstaklings sem tilheyra rekstri og persónulegra skulda viðkomandi og að engin skýr skil séu gerð þar á milli. Jafnframt er með öllu óljóst hvað er átt við með "... nema skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu lítill hluti af heildarskuldum." Svo virðist sem það mat sé sett á hendur umboðsmanna sem m.a. skapar hættu á mjög mismunandi niðurstöðum og þannig ójafnræði. Þá yrði skattareglum breytt varðandi meðferð eftirgjafar á rekstrarskuldum verði frumvarpið að lögum, þ.e. ef 4. mgr. 24. gr. frumvarpsins verður ekki breytt. Þannig yrði skattaleg meðferð eftirgjafar á rekstrarskuldum mismunandi allt eftir því hvernig eftirgjöf ber að. Er þetta með öllu óásættanlegt auk þess sem verulegur vafi hlýtur að teljast á því hvort um eðlileg vinnubrögð sé að ræða, þ.e. hvort slík breyting ætti ekki að heyra undir og hljóta afgreiðslu í efnahags- og skattanefnd. Þá má velja því fyrir sér hvort eðlilegt sé að gera slíkan mun á rekstrarskuldum hvort heldur þær stafa af rekstri með ótakmarkaðri ábyrgð eða takmarkaðri ábyrgð þegar viðkomandi eigandi rekstrar hefur í raun allt fyrirsvor og stjórn með höndum hvernig svo sem rekstrarformi er háttað. Þannig getur eigandi einkahlutafélags hafa þurft að gangast í persónulega ábyrgð fyrir rekstrarskuldum eigin félags og tæknilega verður ekki annað sé en að slíkar rekstrarskuldir geti fallið undir frumvarpið. Sambærilegar rekstrarskuldir vegna eigin rekstrar féllu aftur á móti tæpast, nema að óverulegu leyti, undir frumvarpið.

Ríkisskattstjóri telur réttast að algjör aðskilnaður verði gerður á milli skulda sem stafa af rekstri ráðandi aðila, sama í hvaða formi reksturinn er, og persónulegra skulda sama manns.

Kveðja

Elín Alma Arthursdóttir

Ingvar J. Rögnvaldsson

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, félags- og tryggingamálanefnd
Hildur Eva Sigurðardóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2010 02-2010040985
T-ums 27/10

Alþingi
Erindi nr. P 138/1842
komudagur 29.4.2010

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga - 560. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 21. apríl 2010 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga - 560. mál.


Frumvarpið hefur að geyma ákvæði um frjálsa og þvingaða greiðsluaðlögun fyrir einstaklinga.


Í 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um að umsjónarmaður skuldara skuli leggja fram frumvarp til frjálsrar greiðsluaðlögunar þar sem framfærsla skuldara og fjölskyldu hans sé tryggð og að raunhæft megi telja að öðru leyti að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar. Í athugasemdum með framangreindu ákvæði kemur fram að umsjónarmaður geti tekið mið af neysluviðmiði því sem Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna hefur beitt. Að mati ríkisskattstjóra er eðlilegra að skylda umsjónarmann til að taka mið af framangreindu neysluviðmiði í stað þess að gera það valkvætt m.a. svo að samræmis sé gætt hjá þeim sem þurfa að nýta sér það úrræði sem mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Ákvæði 38. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að X. kafli a laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. falli brott. Í 3. tölul. 28. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, er vísað til nefnds kafla í gjaldþrotalögum. Verði frumvarp það sem hér er veitt umsögn um að lögum telur ríkisskattstjóri rétt að vísað verði til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga í 3. tölul. 28. gr. áður nefndra laga um tekjuskatt.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 138/955
komudagur 5.5.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
félags- og tryggingamálanefnd

Reykjavík 4. maí 2010

Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

1004017SA
Málalykill: 150

Efni: Umsögn um frv. til laga um greiðsluáðlögun einstakl. - 560. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar, með tölvupósti nefndasviðs Alþingis þann 21. apríl sl. Áður hafði sambandið fengið frv. sent með bréfi félags- og tryggingamálaráðuneytisins dags. 16. apríl sl.

Markmið frumvarpsins er að gera einstaklingum í greiðsluvanda kleift að ná tökum á fjármálum sínum og byrja upp á nýtt, eins og segir í skýringum með því. Frumvarpið er lagt fram samhliða tveimur öðrum frumvörpum sem varða annars vegar umboðsmann skuldara (562. mál) og um breytingu á lögum um tímabundna greiðsluáðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði (561. mál).

Almennt um frumvörpin

Sambandið tekur undir nauðsyn þess að grípa til heildstæðra aðgerða til þess að varna því samfélagslega tjóni, sem gæti hlotist af fjöldagjaldprotum einstaklinga og fjölskyldna. Framkomin frumvörp eru að flestu leyti eðlileg viðbrögð við þeirri stöðu sem uppi er og styður sambandið að meginefni þeirra verði að lögum, með þeim athugasemdum sem fylgja hér á eftir sbr. og umsögn um frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.

Um meðlagskröfur

Sambandið gerir alvarlega athugasemd við þá ráðagerð sem fram kemur í c-lið 2. mgr. 24. gr. frv. að uppsöfnuð skuld við hið opinbera vegna meðlags skuli falla undir greiðsluáðlögun og sæta niðurfærslu eða niðurfellingu skv. meginreglum laganna. Hér er gerð tillaga sem augljóslega mun hafa veruleg fjárhagsleg áhrif. Gerir sambandið kröfu til þess að þessi áhrif verði greind og metin gagnvart sveitarfélögunum áður en tillagan hlýtur afgreiðslu af hálfu þingsins.

Hafa ber í huga að samkvæmt upplýsingum Innheimtustofnunar sveitarfélaga nam heildarskuld meðlagsskuldara í erfiðleikum, tæplega 10,4 milljörðum króna í lok árs 2009. Er viðbúið að stofnunin muni þurfa að afskrifa umtalsverðan hluta þessara skulda, jafnvel svo milljörðum skiptir, verði greiðsluáðlögunarferlið framkvæmt eins og lagt er upp með að frumvarpinu óbreyttu.

Framlögðu frumvarpi fylgir engin greining á þeim kostnaði sem afskriftir munu valda Innheimtustofnun sveitarfélaga og hvernig fjárþörf stofnunarinnar



verður mætt. Þá er ekki vítað til þess að slík vinna fari nú fram enda þótt fram komi í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis með frumvarpinu að unnið sé að samantekt gagna og frekari greiningu fjárhagslegra áhrifa frumvarpsins á ríkissjóð og fjármálastofnanir í hans eigu.

Að mati sambandsins er það algerlega óásættanlegt að frumvörp af þessum toga séu unnin af hálfu ríkisstjórnar og síðan lögð fram á Alþingi án þess að kostnaðaráhrif gagnvart sveitarfélögum hafi verið metin í samræmi við samkomulag dags. 30. desember 2005. Í þessu efni verða sveitarfélögin að sitja við sama borð og ríkisaðilar. Augljóst er hins vegar af frumvarpinu að þess hefur ekki verið gætt. Þannig hafa áhrif greiðsluaðlögunarferlis á Lánasjóð íslenskra námsmanna greinilega verið metin og það leitt til þess að skuldir vegna námslána eigi ekki að falla undir greiðsluaðlögun. Mörg sömu sjónarmið eiga við um námslán og meðlagsskuldir og verður að ætla að þegar af þeirri ástæðu eigi að koma sterklega til greina að undanskilja uppsafnaða meðlagsskuld frá greiðsluaðlögun.

Á það skal einnig bent, að Innheimtustofnun sveitarfélaga beitir, samkvæmt gildandi lögum, þeim félagslegu sjónarmiðum sem frumvarpið gerir ráð fyrir að umboðsmaður skuldara skuli leggja til grundvallar ákvörðunum sínum. Hér er þá komin upp sú staða að tvö stjórnvöld, annað innan ríkisgeirans en hitt á sveitarstjórnarstigi, taki fullkomlega hliðstæðar ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga (þ.e. stjórnvaldsákvarðanir) án þess að samhæft sé eða tryggt að ákvarðanir séu teknar á sama grundvelli. Þessi háttur á lagasetningu er mjög varhugarverður og kallar á að málin verði skoðuð ítarlega út frá réttaröryggissjónarmiðum, áður en umboðsmanni skuldara verða fengnar valdheimildir til þess að taka ákvarðanir um afdrif meðlagsskulda.

Önnur atriði

Hvað önnur atriði varðar er bent á það skilyrði sem fram kemur í 3. mgr. 2. gr. frv. Þar segir að lögin taki ekki til skuldara sem hefur borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi undangengin þrjú ár hvort sem hann hefur lagt stund á hana einn eða í félagi við aðra, nema að skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu aðeins lítil hluti heildarskulda hans. Samkvæmt athugasemdum með frv. skal það vera í höndum umboðsmanns skuldara að meta hvert tilvik fyrir sig með tilliti til þess hversu mikill hluti skulda einstaklingsins megi stafa frá atvinnurekstrinum.


Spyrja má hvort heppilegt sé að löggjafinn eftirláti hinni nýju stofnun, umboðsmanni skuldara, svo mikið svigrúm til þess að ákveða gildissvið laganna. Flest lagasjónarmið virðast mæla með því að kveðið sé á um tiltekin viðmið í þessu efni, t.d. að skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum megi ekki vera meira en 10% af heildarskuldum. Væru þá sett eðlileg mörk við því að ríkið endurskoði, á grundvelli félagslegra sjónarmiða, efndir samninga sem gerðir eru á viðskiptalegum forsendum.

Í 4. mgr. 24. gr. frv. kemur fram að sá hluti skulda sem felldur er niður samkvæmt greiðsluaðlögun myndi ekki skattstofn og skerði ekki rétt skuldara til hvers konar greiðsna eða aðstoðar frá ríki eða sveitarfélögum. Af hálfu



sambandsins er ekki gerð athugasemd við þetta ákvæði sem mun vera í samræmi við það hvernig sveitarfélög framkvæma reglur um fjárhagsaðstoð til einstaklinga.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit:

Innheimtustofnun sveitarfélaga, Jón Ingvar Pálsson forstjóri

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs, frá í gær, þar sem sambandinu eru send þrjú þingmál til viðbótarumsagnar.

Í fyrri umsögn hafði sambandið einkum uppi efnislegar athugasemdir við frv. til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (560. mál). Mjög jákvætt er að í endurskoðuðu frumvarpi hefur verið komið til móts við þessar athugasemdir einkum með skýru ákvæði um að uppsöfnuð skuld við opinbera aðila vegna meðlags falli ekki undir greiðsluaðlögun.

Sambandið bendir hins vegar á að í stað skýrs ákvæðis í eldri gerð frumvarpsins um að áfallandi meðlög séu undanþegin greiðsluaðlögun (sbr. c-lið, 2. mgr. 24. gr. á þskj. nr. 950) er nú vísað til þess í c-lið 1. mgr. 3. gr., að greiðsluaðlögun taki ekki til krafna sem nyttu stöðu samkvæmt 109., 110. og 112. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. ef bú skuldara hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta á þeim degi sem umsókn hans um greiðsluaðlögun var tekin til greina.


Ráða má af drögum að skýringum með endurskoðuðu frumvarpi að ákvæðið sé sambærilegt ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. og að sambærileg rök liggi að baki því að undanþiggja þessar kröfur greiðsluaðlögun. Byggir reglan á því viðhorfi að greiðsluaðlögun eigi ekki að haggja stöðu þess sem nyti forgangsréttar fyrri kröfu sinni við gjaldþrotaskipti. Þær kröfur sem um ræðir eru m.a. eignir þriðja manns, kostnaður af útför, kröfur um laun og aðrar launatengdar kröfur, kröfur maka, fyrrverandi maka eða barns um lífeyri eða meðlag eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið tekin til greina og kröfur um þóknun umsjónarmanns.

Sambandið tekur fram að kröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga falla ekki undir 109.-112. gr. gjaldþrotaskiptalaga og getur tilvísun þar um því ekki undanþegið kröfur stofnunarinnar um áfallandi meðlög undan greiðsluaðlögun, enda þótt um þessar (áfallandi) skuldir fari samkvæmt ívilnunarúrræðum laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54/1971. Hvað þetta varðar mun í framkvæmd væntanlega reyna á þá undanþágu frá greiðsluaðlögun vegna krafna sem orðið hafa til eftir að umsókn um greiðsluaðlögun hefur verið tekin til greina (sbr. ráðagerð í a-lið 3. gr. endurskoðaðs frumvarps). Þar eru hins vegar óvissuþættir fyrir hendi sem ekki gefst tækifæri til þess að skoða nákvæmlega vegna þess skamma tíma sem gefinn er vegna umsagnarinnar. Að teknu tilliti til þessa er athugandi hvort ekki sé rétt að hafa um það skýrt ákvæði í lögunum að þrátt fyrir greiðsluaðlögun beri skuldara að greiða að fullu áfallandi meðlag og lífeyri samkvæmt hjúskapar- eða barnalögum.

Að öðru leyti hefur sambandið ekki athugasemdir við þingmálin.


Virðingarfyllt,
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Tryggvi Þórhallsson lögfr.



Tryggvi Þórhallsson
lögfræðingur
Beint innval: 515 4918
Netfang: tryggvi.thorhallsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík
Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903
www.samband.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Félags og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 7. maí 2010

Efni: Umsögn um eftirtalin frumvörp:

- X - **Frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (heildarlög) 560. mál.**
- **Frumvarp til laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði (ný úrræði fyrir einstaklinga í greiðsluerfiðleikum), 561. mál.**
- **Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara, 562. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) hefur fengið til umsagnar ofangreind frumvörp. Þar sem frumvörp þessu eru nátengd senda SA sameiginlega umsögn um þau, en eftir því sem við á verður gefin umsögn um hvert frumvarp fyrir sig.

Lög um greiðsluaðlögun voru samþykkt af Alþingi í apríl 2009. Samtök atvinnulífsins studdu þá setningu laga um greiðsluaðlögun en settu fram ýmsar athugasemdir um það sem samtökin töldu betur mætti fara í lagasetningunni. Þá bentu samtökin á að gera mætti ráð fyrir mikilli ásókn í úrræðið á næstu misserum og að áætlaður kostnaður ríkisins væri verulega vanmetinn. Nú hefur komið á daginn að það mat samtakanna var rétt. Í ljósi þess að búið er að lögfesta breytingar á tekjuskattslögum sem gera það að verkum að eingöngu í formlegri greiðsluaðlögun myndist ekki skattstofn við niðurfellingu eða lækkun krafna er viðbúið að enn fleiri en áður muni sækja í úrræði þetta í stað þess að semja beint við sinn viðskiptabanka um persónubundna aðlögun.

Ljóst var fljótlega að ráðast þyrfti í endurskoðun á lögnum frá því í apríl 2009 enda komu fram ýmsir hnökrar á í framkvæmdinni. Komu Samtök atvinnulífsins í byrjun að nefnd sem hafði með endurskoðun laganna að gera og komu þar að sjónarmiðum samtakanna. Nefndin sem slík var síðan lögð niður og eru frumvörp þessi sem hér er fjallað um ekki frá nefndinni komin.

Tveir lagabálkar

Eitt af því sem Samtök atvinnulífsins lögðu áherslu á í nefndarvinnunni var að nauðsynlegt væri að sameina í einn lagabálg reglur um greiðsluaðlögun einstaklinga og um greiðsluaðlögun vegna fasteignaveðlána. Yrði slíkt til mikillar einföldunar fyrir þá sem vinna þurfa með þessi lög en ekki síst fyrir skuldara sem erfitt geta átt með að átta sig á þeim úrræðum sem þeim standa til boða. Var því borið við að slík sameining lagabálka væri erfið þar sem hún útheimti í raun ný heildarlög og að ekki ynnist tími til slíkrar vinnu við endurskoðun laganna. Nú eru hins vegar lögð fram frumvörp sem annars vegar eru ný heildarlög um greiðsluaðlögun einstaklinga og hins vegar breytingar á lögum um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Erfitt er að sjá rök fyrir



Þessu fyrirkomulagi, sérstaklega með tilliti til þess að lögin um greiðsluaðlögun einstaklinga virðist einnig eiga að ná til veðkrafna, eins og sjá má t.d. á ákvæði 24. gr. frumvarpsins svo og að í 2. gr. frumvarpsins segir að greiðsluaðlögunin taki til „allra fjárskuldbindinga einstaklings, nema sérstaklega sé kveðið á um annað í lögum þessum.“ Þá er næsta ljóst að langflestir einstaklingar sem þurfa á greiðsluaðlögunarræðinu að halda eru bæði með almennar skuldir og veðskuldir og að greiðsluaðlögunin þarf að ná til hvor tveggja.

Hvað varðar tengslin á milli þessara tveggja lagafrumvarpa vilja SA sérstaklega benda á að lánsveðskröfur eru ekki eins meðhöndlaðar í frumvörpunum og er nauðsynlegt að samræma í þeim meðferð krafna með veði í eign þriðja manns.

Þá er í 24. gr. frumvarpsins til greiðsluaðlögunar einstaklinga mælt fyrir um að veðkröfur sem eru yfir matsverði þeirra eignar sem stendur til tryggingar, falli niður við lok greiðsluaðlögunar. Hins vegar er í núverandi lögum um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna nr. 50/2009 gert ráð fyrir allt annarri og meira íþyngjandi málsmeðferð þ.s. segir í 12. gr. að við lok greiðsluaðlögunar geti skuldari sérstaklega sótt um að eftirstöðvar veðskulda sem nemi hærri fjárhæð en svari til söluverðs fasteignarinnar á almennum markaði að viðbættum 10 hundraðshlutum verði afmáð af fasteigninni. Munu því skuldarar mun fremur leita almenna greiðsluaðlögun en í greiðsluaðlögun einungis fyrir veðkröfur sínar.

**Einstakar athugasemdir við frumvarp til greiðsluaðlögunar einstaklinga**

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að með greiðsluaðlögun verði hægt að kveða á um algera eftirgjöf krafna. Stíga þarf varlega niður við lagasetningu um algera eftirgjöf krafna í ljósi eignarréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar, sérstaklega þegar slíkri eftirgjöf er ætlað að ná til krafna sem til hefur stofnast fyrir gildistöku laganna. Hefur þegar reynt á slíkt fyrir dómstólum sbr. dóm Héraðsdóms Suðurlands í máli nr. E-1051/2009 þar sem því var slegið föstu að með greiðsluaðlögun væri ekki hægt að fella niður lögmæta kröfu á hendur ábyrgðarmönnum. Mikilvægt er að í lögin komi leiðbeiningar um að algjör eftirgjöf krafna sé undantekning sem skýra skuli þröngt og að slíku verði ekki beitt nema í undantekningartilvikum s.s. þegar ljóst er að skuldari hefur misst möguleika á að sjá sér farborða til framtíðar.

Í 12. gr. frumvarpsins er notað til skiptis hugtökin „greiðslustöðvun“ og „greiðslufrestur“. Rétt er að samræma hugtakanotkunina að þessu leiti.

Í 14. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að með sérstöku samþykki umsjónarmanns megi aðili sem hefur eignarréttarfyrirvara í viðkomandi eign taka eignina aftur. Ljóst er að með slíku ákvæði er verulega grafið undan eignarréttarfyrirvörum í íslenskum samningarétti og má efast um að þetta ákvæði standist áður nefnda 72. gr. stjórnarskrárinnar. Eignarréttarfyrirvari er mjög mikilvægt fyrir seljendur dýrra hluta sem seldir eru með afborgunum og er í raun þeirra eini möguleiki á að takmarka tjón sitt greiði kaupendur ekki umsamið kaupverð. Leggja samtökin til að ákvæði þetta verði felld úr frumvarpinu.

Í 15. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að við mat umsjónarmanns á fasteign skuldara sem honum er ekki gert að selja skuli almennt miða við mat Fasteignarskrár Íslands. Verða ekki séð rök til þess að miða við fasteignamat í þessu tilviki en í öðrum tilvikum lagabálkanna um greiðsluaðlögun er almennt gert ráð fyrir að miða skuli við matsverð sem að umsjónarmaður gæti fengið löggiltan fasteignasala til að meta. Hins vegar geta rök staðið til þess að setja þann varnagla að það skuli þó aldrei vera lægra en fasteignamatsverð.

Í 24. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að skuldari skuli meðan á greiðsluaðlögun stendur einungis greiða af veðkröfum umsamda vexti eða tiltekið hlutfall vaxta að kröfum en ekki afborganir af höfuðstóls. Ljóst er að ef skuldari getur ekki greitt sem nemur eðlilegri húsaleigu á þessum tíma til veðhafa eru forsendur fyrir greiðsluaðlögun litlar og eðlilegra að viðkomandi skuldari leiti til félagslegra húsnæðiskosta en að hann búi í raun frítt á kostnað kröfuhafa í 2-5 ár. Eðlilegt er að hér yrði kveðið á um að lágmarki skuli skuldari greiða sem nemur eðlilegu leiguverði sem skuli þá ráðstafað til greiðslu veðkrafna.

Erfitt er að sjá hvernig ákvæði þetta spilar saman við ákvæði 9. gr. frumvarps um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna sem mælir fyrir um að innborgunum einstaklinga skuli ráðstafað fyrst til lækkunar höfuðstóls. Um það ákvæði er nánar fjallað hér að neðan.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Í 30. gr. frumvarpsins er kveðið á um upplýsingaskyldu skuldara gagnvart kröfuhöfum ef staða hans verður slíka að þeir geti rift eða ógilt greiðsluáðlögun. Þarna vantar inn í ákvæðið upplýsingaskyldu skuldara um að ef staða hans breytist á þann hátt að kröfuhafar gætu krafist breytinga á greiðsluáðlögun sbr. 28. og 29. gr. frumvarpsins.

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



11. 6. 2010

Félags- og tryggingamálanefnd

SFF munu ekki skila sérstakri umsögn um þessi frumvörp í ljósi þess skamma frests sem er gefinn til umsagnar. SFF ítreka atriði sem fram koma í fyrri umsögnum og ekki hafa ratað inn í frumvörpin. Tek fram að margar breytingar sem gerðar hafa verið eru mjög til bóta.

Ég set þó hér upp nokkra punkta sem hafa vakið athygli við hrað yfirlestur frumvarpanna sem vonandi geta nýst við meðferð málsins á þinginu:

Frv til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga:

6. gr. Greinin er mjög til bóta en það virðist vera gert ráð fyrir að sambærileg grein verði tekið út úr X. kafla laga um gjaldþrotaskipti. Hún á heima þar líka.

14. gr. Eðlilegt er að setja inn í ákvæðið að verðmæti eignar skuli aldrei vera metið lægra en fasteignamat.

Samkvæmt a lið 1. mgr. 21. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að óveðtryggðar kröfur falli niður þegar skuldari hefur fullnægt skyldum sínum og greiðsluaðlögun lýkur, og segir í skýringum með ákvæðinu að samningskröfur falli niður að ioknu greiðsluaðlögunartímabili. Stangast þetta á við þá samningskosti sem tiltækir eru svo sem greiðslufrestur eða hlutfallsleg lækkun krafna. Í mörgum tilfellum hafa skuldarar ekki burði til að greiða strax með afborgunarfjárhæð af samningskröfum sínum og hafa greiðsluaðlögunarsamningar því oft hljóðað upp á greiðslufrest eða hlutfallslega lækkun krafna og/eða báðir samningskostir í senn og skuldara þar með gefið svigrúm til að endurskipuleggja fjárhag sinn á ákveðnu tímabili og gert ráð fyrir að í lok greiðslufrests komi til greiðslu krafna, hlutfallslega eða að fullu. Stangast fullyrðingar í greinargerð með frumvarpinu því á við þessa stöðu – þ.e. að samningskröfur falla ekki í öllum tilfellum niður í lok greiðsluaðlögunartímabils enda stangast það á við þá samningskosti sem tilgreindir eru í 4. mgr. 3. gr. laganna.

Frv um breytingu á lögum nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna.

5. gr. enn vantar viðmið um lágmarksleigu. Eins og áður hefur komið fram að hálfu SFF er óeðlilegt að skuldari geti verið í húsnæði í allt að 5 ár fyrir leigu sem er langt fyrir neðan markaðsleigu. Þá eiga önnur úrræði við svo sem félagslega kerfið.

6. gr. orðist svo: Á tímabili greiðsluaðlögunar verður ekki krafist nauðungarsölu á fasteigninni ef skuldari stendur við samning um greiðsluaðlögun.

Frv til laga um umboðsmanna skuldara

5. gr. Það er eðlilegt að hér sé nákvæmlega sama leið farin og við fjármögnun FME. Bendi líka á að eðlilegt er að hafa ákvæði um málsskot inni sbr. 8. gr. laga um greiðslukostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi svohljóðandi. [Nú vill eftirlitsskyldur aðili ekki una ákvörðun um álagningu, gjaldstofn og útreikning eftirlitsgjalds, og ákvörðun um greiðslur fyrir sértækar aðgerðir, sbr. 7. gr., og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál

skal höfðað innan eins mánaðar frá því að aðila var gerð grein fyrir álagningunni með bréfi Fjármálaeftirlitsins. Málshöfðun frestar ekki innheimtuaðgerðum Fjármálaeftirlitsins né heimildum til aðfarar vegna krafna. Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um álagningu eftirlitsgjalds verður ekki skotið til ráðherra.]¹⁾

Frv um tvær eignir

Samspil 2. tölul 2. mgr. 4. Gr. um 100% veðsetningarhlutfall eignar sem kröfuhafi tekur yfir og 3. mgr. 2. gr. um 75% veðsetningarhlutfall af samanlögðu áætluðu markaðsverði fasteigna er enn að trufla. Ef báðar eignir eru veðsettar fyrir 75% en færa á veð yfir á eign kröfuhafans upp að 100% þá verður eignin sem skuldarinn heldur eftir veðsett upp að 50% af markaðsverði. Það er eðlilegt að þarna væri hægt að skilja meira eftir á eign skuldarans því að það er ljóst að kröfuhafinn mun ekki fá 100% heimtur sinna krafna. Hann mun sitja upp með ýmsan kostnað af sölu o.fl. Það væri eðlilegra að kveða á um að eign skuldara væri veðsett upp að 75% að lágmarki.

Í 4. Gr. er enn gert ráð fyrir því að skuldari velji sér eign án nokkurra skilyrða. Þetta þarf að vera háð mati hverju sinni t.d. út frá greiðslugetu skuldara.

7. gr. Lagt er til að mælt verði fyrir um það í ákvæðinu að umsjónarmaður skuli senda veðhöfum afrit af þinglýstum yfirlýsingum skv. ákvæðinu. Það er eina leiðin til að veðhafar hafi yfirsýn yfir breytingar sem gerðar eru á veðréttindum og aðrar ráðstafanir.



SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Kær kveðja,

Jóna Björk Guðnadóttir

Samtök fjármálafyrirtækja
Farsími · 691 4630 Beinn Sími 591 0400 · Fax 591 0419
jona@sff.is - www.sff.is

Reykjavík, 7. maí 2010

Alþingi
Félags- og tryggingamálanefnd
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, 560. mál.

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp ásamt frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tímabunda greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði (561. mál). Umsógn þessi varðar fyrst og fremst fyrrnefnda frumvarpið, 560. mál, en þó verður ekki hjá því komist að nefna síðarnefnda frumvarpið á stöku stað.

SFF eru fylgjandi lögfestingu frumvarpsins. Í frumvarpinu er lögð til sú grundvallarbreyting að lögin taki bæði til veð- og samningskrafna. SFF eru fylgjandi þeirri tillögu í ljósi þess mikla skuldavanda sem nú steðjar að íslenskum heimilum. Við lögfestingu laga nr. 50/2009, um tímabunda greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, og greiðsluaðlögunarkafla gjaldþrotaskiptalaga (X. kafla a laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991) var megin röksemdin fyrir lögfestingu sérstakra laga um greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna að sérstök sjónarmið giltu um um veðkröfur og því væri rétt að fjalla um þær í sérstökum lögum. Staðreyndin er hins vegar því miður sú, að lausn fæst ekki á vanda langflestra skuldara nema til komi breytingar á báðum tegundum krafna. Verði frumvarp þetta óbreytt að lögum munu lögin taka til veðkrafna auk samningskrafna og fá SFF þá ekki séð rök fyrir því að viðhalda sérstökum lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna

Nokkuð skortir á að í frumvarpinu sé gerð grein fyrir réttaráhrifum greiðsluaðlögunar á því tímabili sem henni er ætlað að standa. Spurningar sem vakna eru t.d. um hvort stofna má til nýrra skulda, selja eða kaupa eignir o.s.frv. Mikilvægt er að lögfesta takmarkanir á ráðstöfunum skuldara sem kippt geta grundvelli undan greiðsluaðlögun. **Lagt er til að lögfest verði ákvæði sambærileg ákvæðum IV. kafla laga um gjaldþrotaskipti um réttaráhrif greiðslustöðvunar.** Sérstaklega er brýnt að lögfest verði ákvæði sem mælir fyrir um að meðan á greiðsluaðlögun stendur verði skuldaranum óheimilt að ráðstafa eignum sínum eða réttindum og stofna til skuldbindinga á hendur sér.

Hér á eftir koma athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru skilgreiningar á veð- og samningskröfum í samræmi við 28. gr. laga um gjaldþrotaskipti, nr. 21/1991. Samkvæmt því teljast kröfur sem tryggðar eru með veði í eign þriðja manns (lánsveð) samningskröfur. Í frumvarpi til brt. á lögum um tímabunda greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna er hins vegar gert ráð fyrir að um lánsveðskröfur fari sem veðkröfur. Samkvæmt þessu verður niðurstaðan að það verður skuldurum hagnafelldara að fara í greiðsluaðlögun einstaklinga, heldur en að fara í tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, þar sem á grunni fyrri laganna eru líkur á að lánsveðskröfur verði felldar niður að hluta eða öllu leyti, sem er ekki mögulegt samkvæmt lögum um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna. Að mati SFF er nauðsynlegt að **samræma meðferð krafna með veði í eign þriðja manns.**

Um 2. gr.

Í athugasemdum við greinina segir að hafna beri umsókn um greiðsluaðlögun ef greiðslugeta sé til staðar enda þótt eiginfjárstaða viðkomandi sé neikvæð. Að mati samtakna er mikilvægt að í lögum komi frekari

leiðbeiningar um hvenær skuli hafna eða samþykkja greiðsluáðlögun. Mikilvægt er að setja viðmið um hversu lág greiðslugeta má vera til að umsókn sé hafnað eða hún heimiluð. Sem dæmi má nefna að efast má um að greiðsluáðlögun með 100% niðurfellingu samrýmist anda frumvarpsins enda engin áðlögun fólgin í slíkri aðgerð. Að minnsta kosti ætti að gera auknar kröfur til rökstuðnings umsjónarmanns fyrir tillögugerð af því tagi, m.a með hliðsjón af því hvort um tímabundinn eða varanlegan tekjumissi er að ræða. Velta má fyrir sér hvort ekki ætti að vera mælt fyrir um í lögunum að 100% niðurfelling skulda skuli túlka þröngt og komi ekki til greina nema sérstaklega standi á, svo sem ef tekjuöflunarmöguleikar hafa skerst varanlega t.d. vegna heilsubrestra.

Eðlilegt að setja inn í ákvæðið skilyrði um að einstaklingar leggi fram yfirsýningu um að allra leiða hafi verið leitað hjá kröfuhöfum til að leysa úr greiðsluefiðleikum áður en umsókn er lögð inn sbr. skilyrði laga nr. 50/2009.

Í ákvæðinu er opnað á að aðilar í atvinnurekstri geti sótt um greiðsluáðlögun ef skuldir sem stafa af atvinnurekstrinum eru aðeins litill hluti af heildarskuldum. Mikilvægt er að hafa í huga að sjálfstæðir atvinnurekendur geta stýrt tekjum sínum og þannig dregið úr þeim á ákveðnu tímabili. Því er mikilvægt að einhverjar takmarkanir komi fram um lágmarkstekjur þessara aðila. Gera verður kröfu til þess að aðilar sem eru í þessari stöðu áætli sér að lágmarki tekjur samkvæmt viðmiðum skattýfirvalda.

Um 4., 5. og 6. gr

SFF telja það mjög til bóta að umsókn um greiðsluáðlögun skuli lögð fram hjá miðlægum aðila, umboðsmanni skulara, og að skuldari eigi rétt á endurgjaldslausri aðstoð þar við að semja umsókn. Gera má ráð fyrir að hjá embættinu safnist upp þekking á málaflokknum sem muni nýtast skuldurum vel í þessu ferli. Upp kemur sú spurning hvort að skuldarar geti leitað annað eftir aðstoð við gerð umsóknar eins og tíðkast í dag. Þegar umsóknir eru útbúnaðar annars staðar eru þær misvel unnar og hafa slæg vinnubrögð aðila sem gefa sig út fyrir ráðgjöf til skuldara á þessu sviði leitt til þess og skuldurum hefur verið hafnað um heimild til að leita greiðsluáðlögunar. Því er lagt til að mælt verði fyrir um að umboðsmaður skuldara geti vísað umsókn frá sem ekki uppfyllir skilyrði laganna.

Um 7. gr.

Lagt er til að bætt verði við nýjum lið sem er í gildandi lögum: að til skulda hafi verið stofnað á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við skuldbindingar sínar.

Um 11.gr.

Lagt er til að mælt verði fyrir um að umsjónarmaður sendi kröfuhöfum afrit af umsókn/beiðni og greiðsluáætlun skuldara samhliða afriti af innköllun í Lögbirtingablaði eins og gert hefur verið til þessa. Kröfuhafar verða að geta metið forsendur í máli aðila með sama hætti og umsjónarmaður gerir til að geta tekið afstöðu til endanlegs frumvarps sem lagt er til grundvallar. Það er óeðlilegt að kröfuhöfum sé ætlað að taka afstöðu út frá frumvarpi umsjónarmanns einu sér þar sem einsýnt er að hann er ekki hlutlaus og má ætla að kröfuhafar kalli alltaf eftir fundi með umsjónarmanni og skuldara til að fá nánari upplýsingar verði ekki mælt fyrir um það í lögunum. Að öðrum kosti er mikið ójafnvægi á milli samningsaðila á þessu stigi og reynslan hefur sýnt að í frumgögnum, svo sem umsóknum/beiðnum og greiðsluáætlunum, koma fram upplýsingar sem bæði umsjónarmenn og héraðsdómarar hafa ekki litið sérstaklega til en hafa skipt sköpum fyrir kröfuhafa til að taka afstöðu til mála, enda er þetta samningur á milli aðila en ekki einhliða ákvörðun skuldara með aðstoð umsjónarmanns.

Um 12. gr.

Samkvæmt greininni eru kröfuhöfum óheimilar ýmsar ráðstafanir sem varða skuldarann sbr. töluliði a-f á meðan leitað er greiðsluáðlögunar og gildir þetta einnig um þann tíma sem umsókn skuldara er til meðferðar hjá umboðsmanni. Mæla þarf fyrir um að gera eigi kröfuhöfum viðvart á þessu stigi með einhverjum hætti að skuldari sé í meðferð hjá umboðsmanni skuldara, því annars skapast ósamræmi á milli þess sem heimilt er að gera og þess sem er óheimilt samkvæmt ákvæðinu.

Bæta þarf inn inn ákvæði um það sem kröfuhöfum sé heimilt að grípa til eðlilegra ráðstafana á þessu tímabili svo skuldari geti ekki skuldbetta sig enn frekar, svo sem að loka fyrir aðgang að yfirdrætti og innkalla greiðslukort.

Um 17. gr.

Inn í ákvæðið vantar skýringu á því hvernig tilkynningu um niðurfellingu mála til kröfuhafa sé háttáð. Nauðsynlegt er að setja það skýrt fram hvernig kröfuhafar eru upplýstir um lýktir mála.

Um 18.gr.

Nauðsynlegt er að sett séu fram samræmd og raunhæf neysluviðmið svo ekki komi til ágreinings um hvað geti talist eðlileg framfærsla. Í dag eru fjármálastofnanir að notast við önnur framfærsluviðmið en Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna og má ætla að samræmd viðmið gagnist vel til allrar vinnslu þessara mála.

Um 19. gr.

Visað er til athugasemda um 11. gr. Nauðsynlegt að kröfuhafar fái afrit af umsókn skuldara á fyrri stigum málsmeðferðar til að geta metið málið sjálfstætt og brugðist við samningstillögu. Gert er ráð fyrir því að kröfuhafi leggist ekki gegn frumvarpinu nema hann hafi ástæðu til að halda að skuldari geti greitt meira. Þetta styður það að nauðsynlegt er að kröfuhafar hafi upplýsingar úr umsókn til að samningsstaða aðila sé jöfn hvað þetta varðar.

Um 22. gr.

Nauðsynlegt er að úrskurðir héraðsdóms í ágreiningsmálum séu birtir opinberlega til að unnt sé að samræma vinnubrögð aðila sem að þessum málum koma. Lögin munu gefa tilefni til túlkunar ýmissa matskenndra atriða og birting úrskurða er til þess fallin að vinnubrögð verða samræmdari og að aðilar sem að þessum málum koma hafi aðgang að þeim niðurstöðum svo að málum sé ekki ítrekað skotið til úrskurðar héraðsdóms þegar túlkun hefur komið fram um sambærileg atriði.


Um 24. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að á greiðsluaðlögunartímabili verði hugsanlega greitt hlutfallslega minna eða jafnvel ekkert af höfuðstóli veðkrafna. Er þar litið til þess að veðkröfur eru almennt stærstu kröfurnar og verði afborgunarfjárhæð ráðstafað hlutfallslega á milli kröfuhafa muni samningskröfuhafar fá lítið sem ekkert í sinn hlut. Þarna skapast augljóst misræmi á milli þeirra sem eiga ekki eign og verða að greiða húsaleigu og þeirra sem eiga eign og geta samkvæmt ákvæðinu hugsanlega búið „frítt“ í húsnæði sínu í nokkur ár. Telja verður forsendur greiðsluaðlögunar hæpnar ef skuldari getur ekki greitt því sem nemur hæfilegri húsaleigu. Eðlilegt væri að greiðsluaðlögunin væri háð tilteknum skilyrðum um lágmarksgetu skuldara í þessum efnum eða að honum stæðu til boða félagsleg úrræði varðandi leigu. Ekki standa rök til þess að velja þeim úrræðum yfir á lánastofnanir.

Um 25. gr.

Óljóst er hvort skuldari leiti til umboðsmanns eða umsjónarmanns til að framkvæma umræddar breytingar á greiðsluaðlögunarsamningi.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.



Alþingi
Erindi nr. þ 134/2833
komudagur 11.6.2010

11. júní 2010
SI-63712

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Með bréfi dagsettu 10. júní 2010, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði félags- og tryggingamálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um drög að frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga, drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 52/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, drög að frumvarpi um tímabundið úrræði fyrir einstaklinga sem eiga tvær eignir til heimilisnota, og drög að breytingum á máli 562 um umboðsmann skuldara.


Markmið frumvarpa félags- og tryggingamálanefndar Alþingis er að skapa vandað, skilvirkt og endanlegt úrræði til að greiða úr fjárhagsvanda heimilanna. Þann 6. maí sl. skilaði Seðlabanki Íslands umsögn til félags- og tryggingamálanefnd Alþingis um frumvörp félagsmálaráðherra sem liggja til grundvallar ofangreindra frumvarpa, þ.e. frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (þskj. 950 – 560. mál), frumvarp til laga um umboðsmann skuldara (þskj. 952 – 562. mál) og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði (þskj. 951 – 561. mál). Seðlabankinn vísar til almennra athugasemda í fyrri umsögn en gerir að öðru leyti ekki athugasemd við drög að frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga, drög að frumvarpi til breytingar á lögum nr. 52/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna, drög að frumvarpi um tímabundið úrræði fyrir einstaklinga sem eiga tvær eignir til heimilisnota né þær breytingar sem lagðar eru til á máli nr. 562 um umboðsmann skuldara.

Í greinargerð með frumvarpi um greiðsluaðlögun einstaklinga er að finna yfirlýsingu um að ekki eigi að þurfa að koma til frekari úrræða vegna skuldavanda heimila verði þessi frumvörp að lögum. Þessi yfirlýsing er mikilvæg þar sem væntingar um að hagstæðari úrræði séu handan við hornið grefur undan vilja til nýta þau úrræði sem fyrir

hendi eru og eru því til þess fallnar að seinka endurskipulagningu
skulda og gera vandann erfiðari viðureignar.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Rannveig Sigurðardóttir
staðgengill aðalhogfræðings



Alþingi
Erindi nr. þ 138/2088
komudagur 7.5.2010

6. maí 2010
SI-63113

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dagsettu 21. apríl 2010, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði félags- og tryggingamálanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (þskj. 950 – 560. mál).

Markmið frumvarpsins er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluerfiðleikum kleift að endurskipuleggja efnahag sinn þannig að raunhæft sé að ætla að þeir geti staðið við skuldbindingar um fyrirsjáanlega framtíð. Frumvarpið er flutt af félags- og tryggingamálaráðherra þar sem „um félagslegt úrlausnarefni [er] að ræða“ skv. almennum athugasemdum með frumvarpinu. Frumvarpið er þó samið að frumkvæði dómsmála- og mannréttindaráðherra og félags- og tryggingamálaráðherra. Frumvarpinu er ætlað að koma í stað fyrri lagasetninga um greiðsluaðlögun vegna samningskrafna (X. kafla í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. sem var innleiddur með lögum nr. 24/2009) auk þess sem önnur lög yrðu fyrir áhrifum af samþykkt frumvarpsins eins og nánar er rakið í frumvarpinu, þ.m.t. lög nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðlana á íbúðarhúsnæði. Frumvarpinu er þannig ætlað að marka heilsteypta löggjöf um frjálsa og þvingaða greiðsluaðlögun fyrir einstaklinga.

Frumvarpið lítur að brýnu úrlausnarefni í kjölfar banka- og gjaldmiðilshrunsins hér á landi, þ.e. endurskipulagningu skulda heimila. Það skiptir sköpum að vel takist til við endurskipulagningu skulda svo að styrkum stoðum sé skotið undir efnahagsbata, lífvænlegt bankakerfi og samfélagslega sátt án þess að sjálfbærni ríkisfjármála sé stefnt í voða. Reynsla annarra landa sem hafa gengið í gegnum kerfislæga fjármálakreppu sýnir að stjórnvöld gegna mikilvægu hlutverki í að koma endurskipulagningu skulda heimila og fyrirtækja af stað því mikill samræmingarvandi blasir við bönkum og einkaaðilum, dómstólar eru illa undirbúnir til að takast á við kerfislægt umfang gjaldþrota, óvissa ríkir um æskileg viðmið og samfélagslegur órói geta hamlað því að ráðist sé í nauðsynlegar skuldbreytingar. Reynslan sýnir enn fremur að aðgerðir til aðstoðar heimilum og fyrirtækjum hafa tilhneigingu til að dragast á langinn með kostnaðarsömum afleiðingum auk þess sem ekki hefur verið gætt

nægilegs samræmis við endurskipulagningu skulda við mótun annarra aðgerða stjórnvalda, einkum endurreisn fjármálakerfisins.¹

Endurskipulagning skulda íslenskra heimila og fyrirtækja hefur dregist á langinn, m.a. vegna tafa við endurreisn bankakerfisins og óvissu í efnahagsmálum. Stjórnvöld hafa hins vegar gripið til ýmissa aðgerða til að koma til móts við heimilin, bæði almennra og skilyrtra, auk þess sem sérstækri skuldaaðlögun var komið á laggirnar síðastliðið haust í samstarfi við fjármálastofnanir og þær hvattar til að hraða endurskipulagningu skulda í beinu samstarfi við lántakendur.

Í athugasemdum með frumvarpinu er lögð áhersla á að framgangur mála í sértækri skuldaaðlögun hafi ekki verið eins hraður og vonir stóðu til. Ljóst er að tafir á endurskipulagningu skulda eru til þess fallnar að gera endurreisnina kostnaðarsamari en ella, en að sama skapi liggur fyrir að endurskipulagning skulda getur ekki komist á fullt skrið þegar óvissa ríkir um verðmæti lánasafna og eiginfjárstyrk fjármálastofnana. Vísbendingar eru um að endurskipulagningu skulda hafi miðað betur eftir að endurreisn bankakerfisins var að verulegu leyti lokið fyrir sl. vetur. Hlutfall lána sem hafa verið endurskipulögð og er í skilum eftir endurskipulagningu hefur farið ört hækkandi. Í nóvember í fyrra hafði þannig einungis um 18% lána til einstaklinga (með eftirstöðvar undir 100 m.kr.) verið endurskipulögð að því marki að þau væru í skilum hjá viðskiptaböndkunum þremur en 33% voru í vanskilum (m.v. 90 daga vanskil). Í febrúar í ár hafði hins vegar um 31% lána verið endurskipulögð að því marki að þau voru í skilum og vanskil höfðu minnkað í 22% skv. tölum frá Fjármálaeftirlitinu (tölurnar miðast við bókfært virði lána).

Breytt löggjöf um greiðsluaðlögun einstaklinga mun hafa áhrif á endurskipulagningu skulda í beinu samstarfi lánveitenda og lántaka. Einstaklingum er nær alfarið beint frá hefðbundnu gjaldþroti. Frumvarpið styrkir stöðu skuldara og beinir endurskipulagningu skulda í þann farveg að hún eigi sér stað fyrir milligöngu umboðsmanns skuldara og að einhverju leyti héraðsdóms. Ekki er lengur gerð krafa um að sýna þurfi fram á að önnur úrræði, t.d. greiðslujöfnun fasteignaveðlána, dugi ekki til að leysa greiðsluerfiðleika viðkomandi einstaklings. Æskilegt hefði verið að viðhalda slíku ákvæði til þess að koma í veg fyrir að óþarfa álag myndist í greiðsluaðlögunarferlinu og tryggja að einungis þeir sem þurfa nauðsynlega á úrræðinu að halda nýti sér það.

Staða skuldara verður sterkari verði frumvarpið að lögum og greiðsluaðlögun verður að mörgu leyti álitlegri kostur fyrir skuldara en


¹ Sjá t.d. Þorvarður Tjörvi Ólafsson, (2009). „Endurskipulagning skulda heimila og fyrirtækja í kjölfar kerfislægrar fjármálakreppu“, erindi flutt á málstofu í Seðlabanka Íslands 15. sept. sl. (<http://www.seðlabanki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7306>).


sértæk skuldaaðlögun, einkum þar sem kröfur um sölu eigna virðast minni í frumvarpinu en í samþykktum fjármálafyrirtækja um sértæka skuldaaðlögun auk þess sem ákvörðun um nauðsynlega framfærslu er í höndum umsjónarmanns skuldara og geta því verið mismunandi eftir því hver sá einstaklingur er. Æskilegt er að tekið sé á slíkum viðmiðunum í verklagsreglum sem umboðsmaður skuldara getur sett skv. frumvarpinu um framkvæmd greiðsluaðlögunar.

Árangur af þeirri umgjörð sem frumvarpið markar um endurskipulagningu skulda veltur að verulegu leyti á getu lykilaðila til að takast á við umfang mála. Embætti umboðsmanns skuldara (sjá frumvarp til laga um umboðsmann skuldara þskj. 952 – 562. mál) gegnir lykilhlutverki í greiðsluaðlöguninni, sérstaklega við mat á því hvort heimild skuli veitt til að leita greiðsluaðlögunar því heimild til þess veitir umsækjanda rétt til þess að krefjast þvingaðrar greiðsluaðlögunar hjá héraðsdómi takist frjáls greiðsluaðlögun ekki innan tilskilins tímafrests. Umsjónarmenn skuldara gegna einnig mikilvægu hlutverki, einkum við hönnun frumvarpa um frjálsa greiðsluaðlögun. Í frumvarpinu eru sett þröng tímamörk um afgreiðslu mála og ljóst er að veruleg uppbygging þarf að eiga sér stað innan embættis umboðsmanns skuldara og dómstóla til þess að hægt sé að afgreiða mál með tilhlýðilegum hætti innan tilskilins frests í ljósi væntanlegs fjölda mála auk þess sem nauðsynlegt er að nægjanlegur fjöldi umsjónarmanna skuldara sé fyrir hendi. Hætta er á að tafir geti orðið við afgreiðslu mála á öllum stigum, þ.e. hjá umboðsmanni skuldara, umsjónarmanni skuldara og héraðsdómi. Viðleitni til þess að virða yfirlýstan frest gæti leitt til þess að mál verði afgreidd án tilhlýðilegrar skoðunar. Héraðsdómur getur þó lengt afgreiðslutíma mála. Af þessum sökum er mikilvægt að leita leiða til að gera ferlið eins skilvirkt og hægt er.

Að lokum er rétt að geta þess að mótsagnar gætir í 2. gr. frumvarpsins og athugasemdum við 1.gr. frumvarpsins um hvort nægilegt sé að greiðsluerfiðleikar einstaklings séu fyrirsjáanlegir eða hvort greiðsluerfiðleikar verði að hafa staðið yfir um nokkurt skeið.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Þórarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2425
komudagur 17.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2010.

Efni: Tillaga frá Tollstjóra varðandi breytingu á efni d. liðar 2. mgr. 24. gr., frumvarps til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, 560. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Á fundi félags- og tryggingamálanefndar Alþingis sem haldinn var 11. maí s.l. varðandi ofangreint frumvarp var þess óskað að embætti tollstjóra kæmi með tillögu að breytingu á d. lið 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins. Tillagan fylgir hér á eftir ásamt rökstuðningi fyrir henni.

Ákvæðið d. liðar 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

d. „*Kröfur sem eiga rætur að rekja til refsiverðs athæfis.* Fésektir sem ákveðnar hafa verið með dómi, sektir sem ákveðnar eru af stjórnvöldum með úrskurði eða sátt sem gerð hefur verið áður en umsókn um greiðsluaðlögun var lögð fram, skal greiða að fullu. Aðrar sektir falla undir greiðsluaðlögunina. Kröfur um vangoldinn virðisaukaskatt og staðgreiðslu opinberra gjalda skal greiða að fullu. Kröfur um skaða- eða miskabætur vegna tjóns samkvæmt dómi hefur verið valdið með refsiverðu athæfi skulu greiddar að fullu.“


Bent er á að nauðsynlegt sé að rýmka d. lið 2. mgr. 24. gr. frumvarpsins þannig að skattsektir úrskurðaðar af yfirskattanefnd, sem fallið hafa til áður en umsókn um greiðsluaðlögun var lögð fram, skuli greiddar. Í ákvæðinu er einungis talað um *fésektir* sem hafi verið ákveðnar með dómi eða sátt en ekki með úrskurði stjórnvalds eins og er um sektir yfirskattanefndar.

Þá er enn fremur bent á að í ákvæðum frumvarpsins eru **vörsluskattar** ekki undanþegnir sem samningskröfur. Það er mjög óeðlilegt vegna eðlis þeirra en vel mætti hugsa sér að **vörsluskattar féllu undir d. lið 2. mgr. 24. gr.** sem fjallar um *kröfur sem eiga rætur að rekja til refsiverðs athæfis*, en vanskil á vörsluskatti, þ.e. virðisaukaskatti og staðgreiðslu opinberra gjalda, geta varðað sektum og fangelsisvist.

Virðingarfyllst,



TOLLSTJÓRI


Snorri Olsen tollstjóri



TOLLSTJÓRI

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. *Þ 138/283*
komudagur 11.6. 2010

Málsnr: 201006-0153
Dags: 11. júní 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, 560. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Félags- og tryggingamálanefndar Alþingis dags. 10. júní 2010 þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp.

Um áætlanir skattyfirvalda

Tollstjóri telur rétt að taka það fram í ákvæðum frumvarpsins eða í athugasemdum um frumvarpið að skattskuldir skuli byggja á álagningu samkvæmt framtölum og skilagreinum, en ekki samkvæmt áætlun skattyfirvalda. Ef ekki eru gerð skil á skattframtölum áætla skattayfirvöld skatta skuldara lögum samkvæmt. Í slíku tilviki er ekki hægt að gefa nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara þar sem óvíst er um skuldastöðu hans og auk þess sem skuldari hefur hagað fjármálum sínum á ámælisverðan hátt með því að sinna ekki lagaboði um framtalsskil. Óleiðréttar skattáætlanir ættu að leiða það til synjunar heimildar til greiðsluaðlögunar sbr. b. lið 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins sbr. einnig b. lið 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins.

Athygli er sérstaklega vakin á því að ef ekki er gerð krafa um framtalsskil væri sá möguleiki fyrir hendi að skuldari gerði síðar skil á framtölum til skattyfirvalda, eftir að greiðsluaðlögun væri komin á og að skattbreyting myndi inneign hjá skuldara hafi hann áður fengið skatta fellda niður með greiðsluaðlögun.

Um 2. gr. frumvarpsins

Tollstjóri telur ástæðu til að breyta orðalagi 1. mgr. 2. gr. á þann veg að í stað orðsins „eða“ standi orðið „og“. Það samrýmist ekki sjónarmiðum að baki frumvarpinu að nóg sé að sýna fram á tímabundinn greiðsluvanda skuldara óháð framtíðarhorfum hans.

Verði frumvarpið að lögum munu einstaklingar í atvinnurekstri geta nýtt sér greiðsluaðlögunarúrræðið. Tollstjóri bendir á að einstaklingar í atvinnurekstri taka oft meiri fjárhagslega áhættu heldur en almennir launþegar og njóta á móti meiri ávinnings. Jafnframt er vakin athygli á úrræði til handa einstaklingum í atvinnurekstri samkvæmt lögum nr. 24/2010, um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Telja verður nauðsynlegt að taka fram í frumvarpi þessu að skuldari geti ekki neytt þess



TOLLSTJÓRI

úrræðis samhliða greiðsluaðlögunarúrræðinu. Það væri óeðlilegt ef sú staða kæmi upp að skuldari fengi frest til greiðsluuppgjörs á vangoldnum virðisaukaskatti og gefið yrði út skuldabréf til greiðslu skuldarinnar að uppfylltum skilyrðum laganna. Væri sú krafa þá orðin sammingskrafa sem yrði felld niður að greiðsluaðlögunartíma loknum. Er það í ósamræmi við fyrirætlan samkvæmt f. lið 3. gr. frumvarpsins.

Um 3. gr. frumvarpsins

Verði frumvarpið að lögum fellur vangoldinn virðisaukaskattur ekki undir greiðsluaðlögun einstaklinga en Tollstjóri ítrekar sjónarmið sem fram komu í fyrri umsögn varðandi staðgreiðslu opinberra gjalda að það varðar við almenn hegningarlög að standa ekki skil á afdreginni staðgreiðslu og leggur til að þessum gjöldum verði bætt við f. lið 3. gr. frumvarpsins.

Um 17. gr. frumvarpsins

Varðandi 3. mgr. 17. gr. frumvarpsins bendir Tollstjóri á að gert er ráð fyrir því að kröfuhafi samþykki frumvarp til nauðasamnings nema að hann mótmæli því sérstaklega. Þessi regla er í andstöðu við þær reglur sem gilda um almenna nauðasamninga.

Um 34. gr. frumvarpsins

Varðandi 34. gr. c. bendir Tollstjóri á að ákvæði 55.- 59. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl. nr. 21/1991, taka eingöngu mið af þeirri málsmeðferð sem gildir um almenna nauðasamninga, sem felur m.a. í sér mat dómara á beiðni um heimild til að leita nauðasamninga sbr. VII. kafla gjaldprotalaga og atkvæðagreiðslu kröfuhafa um nauðasamninginn sbr. VII. kafla laganna. Ákvæðin taka ekki mið af þeirri málsmeðferð sem fer fram hjá umboðsmanni skuldara eða þeim efnislegu skilyrðum sem frumvarpið hefur að geyma. Tollstjóri telur rétt að tryggja að kröfuhafi geti haft uppi mótmæli sem varða þau efnisskilyrði frumvarpsins sem fram koma í 6. gr. frumvarpsins en óvíst er að réttarfarsreglur gjaldprotalaga heimili það eins og frumvarpið stendur. Til að bæta úr þeirri óvissu er hægt að bæta við tilvísun til frumvarpsins í 57. og 58. gr. gjaldprotalaga eða taka fram með skýrari hætti í 34. gr. að heimilt sé að færa fram mótmæli á grundvelli efnislegra skilyrða 6. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst f.h. Tollstjóra,


Jóhanna L. Guðbránsdóttir hlðl
deildarstjóri lögfræðideildar innheimtusviðs



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2026
komudagur 7.5.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (heildarlög), 560. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009-2010.

Tollstjóri hefur mótttekið erindi frá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis dags. 21. apríl 2010 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Eftirfarandi eru athugasemdir Tollstjóra vegna efni þessa frumvarps:

Tollstjóri gerir þá almennu athugasemd við frumvarpið að það hafi að sumu leyti að geyma óskýr og matskennd ákvæði og má sem dæmi nefna 7., 14. og 24. gr. og skapi því réttarfarslega óvissu um túlkun og framkvæmd laganna. Þá er einnig bent á að 12. grein frumvarpsins fjallar um einhverskonar greiðslustöðvun sem hefur þó ekki sömu réttaráhrif og greiðslustöðvun samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, hvað varðar heimildir til að ganga að ábyrgðarmönnum og til skuldajafnaðar. Lagasamræmi er því þannig raskað.

Bent skal á að um skattkröfur og endurgreiðslur námslána gilda að mörgu leyti sömu sjónarmið. Skattar eru lagðir á samkvæmt lögum og hafa sérstakt hlutverk, það er að standa undir samneyslu samfélagsins. Skattar eru lagðir á eftir hlutlægum mælikvörðum sem grundvallast af lagafyrirmælum Alþingis og taka mið af tekjum og skuldabyrði einstaklinga. Þá eru heimildir til að lækka skattstofna einstaklinga vegna sérstakra áfalla svo sem heilsumissis og erfiðra félagslegra aðstæðna sbr. 65. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Af framangreindu leiðir að önnur sjónarmið eiga við um eðli skattkrafna en krafna sem eru viðskiptalegs eðlis.

Verði frumvarp þetta að lögum bendir Tollstjóri á að nauðsynlegt sé að rýmka d. lið 2. mgr. 24. gr. þannig að sektir ákveðnar af stjórnvöldum með úrskurði falli undir ákvæðið. Skattrannsóknarstjóri ríkisins hefur heimild skv. 110. gr. tekjuskattslaga til að gefa aðila kost á að ljúka refsimeðferð máls með sáttaboði. Fallist aðili ekki á sáttaboð skattrannsóknarstjóra er málinu vísað til yfirséðanefndar sem úrskurðar aðila skattsekt. Óeðlilegt væri að slík sekt félli ekki undir ákvæðið.



TOLLSTJÓRI

Einnig er bent á að í ákvæðum frumvarpsins eru vörsluskattar ekki undanþegnir sem samningskröfur. Samkvæmt núgildandi ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga gildir sú regla að hafi skuldari bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu, kemur það í veg fyrir heimild til að leita nauðasamnings til greiðsluaðlögunar. Sú regla felur í sér að skuldari vörsluskatta á ekki rétt á greiðsluaðlögun nema vörsluskattaskuld sé óveruleg miðað við fjárhag skuldara. Um þetta skilyrði hefur Hæstiréttur fjallað sbr. dóm nr. **721/2009**, frá 20. janúar 2010. Hæstiréttur hafnaði því að veita skuldara greiðsluaðlögun þar sem á meðal skulda hans var vangoldinn virðisaukaskattur sem nam 8,3% af heildarskuldum skuldara og taldist það ekki óverulegur hluti. Rétt er að árétta að það varðar við almenn hegningarlög að standa ekki skil á vörslusköttum (virðisaukaskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda).

Tollstjóri leggur til að farið verði yfir efni frumvarpsins með tilliti til ofangreindra athugasemda.

Virðingarfyllst

Snorri Olsen tollstjóri

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingarmálanefnd
b/t. Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um greiðsluaðlögu einstaklinga (560. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér heildarlöggjöf um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Viðskiptaráð Íslands sendi inn umsögn við forvera þessa frumvarps og gerði við það nokkrar athugasemdir þó ráðið hafi tekið undir mikilvægi þeirrar viðleitni, sem í því fólst, til að koma til móts við skuldara með sem virkustum hætti. Rétt er að ítreka þá afstöðu ráðsins til markmiða þessa frumvarps.

Þeir þættir sem ráðið taldi athugasemdaverðir við fyrra frumvarpið voru einkum af tvennum toga. Var það annars vegar áhersla þess á þvingaða greiðsluaðlögun, þrátt fyrir að slík aðlögun samrýmis illa meginreglum íslensks kröfuréttar og samningaréttar og meðalhófsreglunni. Hins vegar taldi ráðið hagsmuni kröfuhafa lítt varða í ferlinu og vísaði þar til að þeir hefðu enga aðkomu að ákvörðunum umsjónarmanns um þvingaða greiðsluaðlögun, þeim var óheimilt að óska endurmats á veittri greiðsluaðlögun og skuldari þurfti ekki að hafa reynt til þrautar að ná samningum við kröfuhafa áður en aðlögunar var óskað.

Ekki verður betur séð að en frumvarp það sem hér er til umsagnar sé bæði ítarlegra og skýrara en það sem nefnt var að ofan. Þá er frjáls greiðsluaðlögun meginregla samkvæmt frumvarpinu, þó þvinguð sé enn fær, og mun meira meðalhófs gættur í allri meðferð aðlögunarinnar. Þá er auk þessa gerður skýr greinarmunur á áhrifum greiðsluaðlögunar á veðkröfur annars vegar samningskröfur hins vegar. Viðskiptaráð gerir eingöngu eina athugasemd við frumvarpið og lýtur hún að orðalagi 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins. Í ákvæðinu er greiðsluaðlögun skilyrt við að einstaklingur sýni fram á að *“hann sé eða verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárhagsskuldbindingar sínar.”* Það er orðalagið *“eða verði”* sem ráðið telur óljóst enda er með því verið að opna fyrir að fyrirsjáanleg ófærni verði grundvöllur greiðsluaðlögunar. Ef lítið er til þess ákvæðis sem 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins byggir á, þ.e. 2. gr. laga nr. 24/2009, þá var það orðað þannig að einstaklingur þyrfti að vera og verða um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa skil á skuldbindingum sínum.

Ef nefndin telur æskilegt að opnað sé fyrir að fyrirsjáanleg ófærni verði grundvöllur greiðsluaðlögunar þá þurfa málsmeðferðarreglur frumvarpsins að gera mun ríkari kröfur til slíkra mála heldur en þeirra þegar ófærnin er raunverulega, að mati umsjónarmanns, til staðar á þeim tíma sem sótt er um greiðsluaðlögun.

Viðskiptaráð leggur til að 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins verði orðuð þannig: “Einstaklingur sem sýnir fram á að hann sé og verði um fyrirsjáanlega framtíð ófær um að standa í skilum með fjárhagsskuldbindingar sínar getur leitað greiðsluaðlögunar í samræmi við lög þessi.”

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur nefndina til að taka ofangreinda athugasemd til skoðunar.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs